

# Reykjanesbær

---

Ársreikningur

---

**2021**

Reykjanesbær  
Tjarnargötu 12  
230 Reykjanesbæ  
kt. 470794-2169

---

# Reykjanesbær

---

Ársreikningur

---

2021

## Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun bæjarstjórnar og bæjarstjóra	2
Áritun óháðra endurskoðenda	3-4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6-7
Yfirlit um sjóðstreymi	8
Skýringar	9-33

---

# Skýrsla og áritun bæjarstjórnar og bæjarstjóra

Ársreikningur Reykjanesbæjar er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga og auglýsingar ráðuneytis sveitarstjórnarmála um reikningsskil sveitarfélaga. Í ársreikningnum er gerð grein fyrir reikningsskilaaðferðum og þeim breytingum sem á þeim hafa orðið frá fyrra ári.

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu 2021 námu um 26.887,9 milljónum króna samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi fyrir a- og b-hluta. Rekstrartekjur a-hluta námu um 18.327,8 milljónum króna. Laun og launatengd gjöld í samanteknum rekstrarreikningi námu um 11.547,7 milljónum króna en starfsmannafjöldi nam í árslok 1.113 stöðugildum. Rekstrarniðurstaða bæjarsjóðs fyrir afskriftir og fjármagnsliði var jákvæð um 55,4 milljónir króna en að teknu tilliti til þeirra liða auk óreglulegra liða er rekstrarniðurstaða jákvæð um 2.170,3 milljónir króna. Rekstrarniðurstaða sveitarfélagsins samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi a- og b-hluta fyrir afskriftir og fjármagnsliði nam 3.643,1 milljónum króna en að teknu tilliti til þeirra liða auk tekjuskatts og hlutdeild minnihluta var niðurstaðan neikvæð um 925,9 milljónir króna. Áætluð rekstrarniðurstaða í samanteknum ársreikningi samkvæmt upphaflegri fjárhagsáætlun var hins vegar neikvæð um 1.966,2 milljónir króna og nemur jákvætt frávik frá henni því 1.040,3 milljónum króna, sjá nánar í skýringu 27.

Heildareignir sveitarfélagsins í samanteknum ársreikningi námu 73.643,7 milljónum króna og heildareignir bæjarsjóðs námu um 40.507,6 milljónum króna í árslok 2021. Heildarskuldir og skuldbindingar í samanteknum ársreikningi námu um 45.279,6 milljónum króna og í ársreikningi bæjarsjóðs um 27.874 milljónir króna í árslok 2021. Eigið fé í samanteknum ársreikningi nam um 28.364 milljón króna og eigið fé bæjarsjóðs nam um 12.633,3 milljónum króna í árslok 2021.

Íbúafjöldi Reykjanesbæjar í lok árs 2021 var 20.380 og fjölgaði um 3,58% frá fyrra ári.

Heimsfaraldur af völdum COVID-19 veirunnar hafði fjárhagsleg áhrif á Reykjanesbæ á árinu 2021 líkt og á árinu áður, vísað er í skýringu 25. Á árinu lauk endurfjármögnun á skuldum Eignarhaldsfélagsins Fasteignar ehf og við uppgjör þeirra leysti bæjarsjóður til sín allar eignir félagsins, sjá skýringu 21.

Ársreikningur Reykjanesbæjar fyrir árið 2021 er tilbúinn til endurskoðunar og afgreiðslu í bæjarstjórn.

Reykjanesbær, 13. apríl 2022

Bæjarstjóri

Kjartan Mái



Bæjarráð

Þeigja Einarsson  
Baldur Guðnason  
M. Sændur

Valgætur Björk Pálsdóttir  
Hallóra Fríða Þorvaldsdóttir

Bæjarstjórn Reykjanesbæjar staðfestir hér með ársreikning Reykjanesbæjar fyrir árið 2021 með undirritun sinni.

Reykjanesbær, 3. maí 2022

Bæjarstjórn

Þeigja Einarsson  
Baldur Guðnason  
Guðbjörg Einarsson  
Pinn & Þorbjörg Einarsson  
Guðný Þorvaldsdóttir  
Stýrnun G. Fjeldstær

Stjórnir  
M. Þorvaldsdóttir  
M. Sændur  
Anna Þorvaldsdóttir  
Þeigja Fjeldstær

# Áritun óháðra endurskoðanda

---

Til bæjarstjórnar Reykjanesbæjar

## Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Reykjanesbæjar fyrir árið 2021 sem hefur að geyma A-hluta starfsemi sveitarfélagsins og samantekinn ársreikning A- og B-hluta. Hann skiptist í rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringa

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu sveitarfélagsins 31. desember 2021 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2021, í samræmi við lög um ársreikninga og sveitarstjórnarlög.

## Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla (ISA) en nánar er gerð grein fyrir ábyrgð okkar í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda. Við uppfyllum ákvæði siðareglna endurskoðenda á Íslandi og teljumst því óháð sveitarfélaginu. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

## Aðrar upplýsingar

Bæjarstjórn og bæjarstjóri eru ábyrg fyrir öllum upplýsingum sem sveitarfélagið birtir, jafnt ársreikningi sem og öðrum upplýsingum. Álit okkar nær ekki til annarra upplýsinga sem sveitarfélagið gefur út. Slíkar upplýsingar eru meðal annars skýrsla bæjarstjóra og bæjarstjórnar og ófjárhagsleg upplýsingagjöf sem fylgir ársreikningnum. Staðfestum við því ekki þær upplýsingar sem þar er að finna. Hvað ábyrgð okkar varðar felst hún í yfirlestri á slíkum fjárhagsupplýsingum og athugun á því hvort um verulegt ósamræmi sé að ræða milli þeirra og ársreikningsins, hvort framlagðar upplýsingar séu í andstöðu við þær upplýsingar sem við höfum aflað við endurskoðun okkar eða hvort í þeim kunni að leynast verulegar villur.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við að í skýrslu bæjarstjóra og bæjarstjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar að lágmarki sem ber að veita í skýrslu stjórnar samkvæmt lögum um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

## Ábyrgð bæjarstjórnar og bæjarstjóra á ársreikningnum

Bæjarstjórn og bæjarstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og sveitarstjórnarlög. Bæjarstjórn og bæjarstjóri eru einnig ábyrg fyrir innra eftirliti við gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins er bæjarstjórn og bæjarstjóri ábyrg fyrir mati á rekstrarhæfi sveitarfélagsins. Ef vafi leikur á rekstrarhæfi skal gerð grein fyrir því í ársreikningnum með viðeigandi skýringum og greint frá því hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins.

Bæjarstjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

## Ábyrgð endurskoðanda

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanleg vissu er nokkuð hátt stig vissu, en það tryggir ekki að endurskoðun sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið til vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, stakar eða samanlagðar.

# Áritun óháðra endurskoðanda

---

Sem hluti af endurskoðuninni sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, beitung við faglegu mati (e. professional judgment) og viðhöfum faglega tortryggni (e. professional skepticism). Eftirfarandi er einnig hluti af endurskoðun okkar á ársreikningi sveitarfélagsins:

- Greina og meta hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, skipuleggja og framkvæma endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflun endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals og misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að innra eftirlit sé sniðgengið.
- Afla skilnings á innra eftirliti, ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits sveitarfélagsins, heldur í þeim tilgangi að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir.
- Meta hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Meta hvort forsendan um rekstrarhæfi eigi við, hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið vafa um rekstrarhæfi. Ef við teljum að vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi ber okkur að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar. Atburðir eða aðstæður eftir dagsetningu áritunar geta þannig valdið óvissu um rekstrarhæfi sveitarfélagsins.
- Meta hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum og leggja mat á framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins með tilliti til glöggrar myndar, skýringum þar á meðal.
- Afla endurskoðunargagna er varða verulegar einingar innan ársreikningsins til að geta látið í ljós álit á ársreikningi. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, umsjón og framkvæmd endurskoðunar sveitarfélagsins og berum ein ábyrgð á álit okkar á sveitarfélaginu.

Okkur ber skylda til að upplýsa bæjarstjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar auk verulegra atriða sem upp komu í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti, ef við á.

Við höfum afhent bæjarstjórn yfirlýsingu þess efnis að við uppfylfum ákvæði síðareglna er varðar óhæði. Við höfum jafnframt komið á framfæri upplýsingum um tengsl og aðra þætti sem gætu haft áhrif á óhæði okkar og hvaða varúðarráðstafanir við höfum stuðst við til að tryggja óhæði okkar, ef við á.

Af þeim atriðum sem við upplýstum bæjarstjórn um lögðum við mat á hvaða atriði höfðu mesta þýðingu í endurskoðuninni á yfirstandandi ári og eru það lykilatriði endurskoðunarinnar. Við gerum grein fyrir þessum atriðum í áritun okkar nema lög og reglur heimila ekki slíka upplýsingagjöf. Í undantekningartilfellum kunnum við að greina ekki frá slíkum atriðum ef við metum það svo að neikvæðar afleiðingar af slíkri upplýsingagjöf vegi þyngra en hagsmunir almennings af upplýsingunum.

Fyrir hönd Grant Thornton endurskoðunar ehf.

Reykjavík, 3. maí 2022



Theodór S. Sigurbergsson  
löggiltur endurskoðandi



Sturla Jónsson  
löggiltur endurskoðandi

# Rekstrarreikningur ársins 2021

Skýr.	Bæjarsjóður			Samantekið a og b hluti		
	2021	Áætlun	2020	2021	Áætlun	2020
<b>Rekstrartekjur</b>	3					
Skatttekjur án framlaga jöfnunarsjóðs .....	13.114.479	11.427.000	12.387.867	13.067.151	11.612.000	12.341.475
Framlög úr jöfnunarsjóði sveitarfélaga .....	2.957.991	2.200.000	3.154.547	2.957.991	2.200.000	3.154.547
Þjónustutekjur .....	2.236.909	2.236.211	1.821.639	10.636.452	10.203.240	9.288.735
Eignatekjur .....	18.424	45.630	20.860	226.328	45.630	234.506
Söluhagnaður fastafjármuna .....	0	0	0	0	0	13.365
	<b>18.327.803</b>	<b>15.908.841</b>	<b>17.384.913</b>	<b>26.887.922</b>	<b>24.060.870</b>	<b>25.032.628</b>
<b>Rekstrargjöld</b>						
Laun og launatengd gjöld .....	4 10.041.148	9.801.425	8.957.706	11.547.780	11.338.612	10.406.664
Hækkun lífeyrisskuldbindinga .....	17 1.055.380	427.576	749.284	1.062.220	432.576	748.013
Vöru- og þjónustukaup .....	5.329.296	5.308.319	4.672.942	8.788.172	8.567.942	7.840.032
Styrkir og framlög .....	1.846.598	1.812.006	1.615.269	1.846.598	1.812.006	1.612.356
	<b>18.272.423</b>	<b>17.349.326</b>	<b>15.995.201</b>	<b>23.244.770</b>	<b>22.151.136</b>	<b>20.607.066</b>
<b>Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir</b>	55.380	(1.440.485)	1.389.712	3.643.152	1.909.734	4.425.561
Afskriftir .....	7,8 667.413	529.600	551.282	1.828.258	1.678.400	1.712.742
<b>Rekstrarniðurstaða fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld</b>	(612.034)	(1.970.085)	838.430	1.814.894	231.334	2.712.819
Fjármunatekjur .....	5 286.417	191.500	328.728	473.097	422.956	449.029
Fjármagnsgjöld .....	5 (1.173.269)	(1.203.363)	(1.287.745)	(2.842.411)	(2.379.319)	(2.776.406)
Söluhagnaður (sölutap) hlutabréfa .....	142.994	0	138.241	284.534	0	60.154
Bakf. afskrift skammtímakr. á b-hluta .....	0	0	65.000	0	0	0
<b>Rekstrarniðurstaða fyrir skatta og áhrif hlutdeildarféлага</b>	(1.355.892)	(2.981.948)	82.653	(269.887)	(1.725.029)	445.596
Tekjuskattur .....	0	0	0	(182.633)	(180.000)	(94.840)
Hlutdeild minnihluta .....	0	0	0	(473.468)	(562.668)	(281.072)
<b>Rekstrarniðurstaða af reglulegri starfsemi</b>	(1.355.892)	(2.981.948)	82.653	(925.987)	(2.467.697)	69.684
Óreglulegir liðir .....	21 3.526.285	0	0	0	0	0
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>2.170.393</b>	<b>(2.981.948)</b>	<b>82.653</b>	<b>(925.987)</b>	<b>(2.467.697)</b>	<b>69.684</b>

# Efnahagsreikningur 31. desember 2021

Eignir	Skýr.	Bæjarsjóður		Samantekið a og b hluti	
		31.12.2021	31.12.2020	31.12.2021	31.12.2020
<b>Fastafjármunir</b>					
<b>Varanlegir rekstrarfjármunir</b>					
Leigðar eignir .....	7	734.180	5.689.919	734.180	760.252
Fasteignir, lóðir og lendum .....	7	25.784.830	16.431.545	28.461.633	26.520.246
Götur og veitukerfi .....	7	3.167.676	2.607.328	31.782.627	30.485.776
Hafnarmannvirki .....	7	0	0	1.803.241	1.815.261
Aðrar eignir .....	7	113.869	124.264	273.308	366.961
Efnisbirgðir .....	13	0	0	66.291	66.291
		<u>29.800.554</u>	<u>24.853.056</u>	<u>63.121.281</u>	<u>60.014.787</u>
<b>Óefnislegar eignir</b>					
Óefnislegar eignir .....	8	0	0	364.448	380.954
		<u>0</u>	<u>0</u>	<u>364.448</u>	<u>380.954</u>
<b>Áhættufjármunir og langtímakröfur</b>					
Eignarhl. í hlutdeildar- og dótturfélögum .....	9	3.207.661	3.315.167	0	0
Eignarhlutir í öðrum félögum .....	9	714.612	588.918	749.179	623.523
Skuldabréfaeign .....	10	927.497	915.347	927.497	915.347
Langtímakröfur .....	12	697.690	725.140	697.690	725.140
		<u>5.547.460</u>	<u>5.544.573</u>	<u>2.374.366</u>	<u>2.264.010</u>
<b>Fastafjármunir</b>		<u>35.348.014</u>	<u>30.397.629</u>	<u>65.860.095</u>	<u>62.659.751</u>
<b>Veltufjármunir</b>					
<b>Skammtímakröfur</b>					
Birgðir .....	13	0	0	556.803	464.519
Óinnheimtar tekjur .....	14	1.161.661	1.352.747	2.223.200	2.474.621
Aðrar peningalegar eignir .....	15	731.744	513.722	733.034	541.862
Kröfur á tengd félög .....	23	56.712	731.228	0	0
Næsta árs afborganir skuldabréfaeignar .....	10	27.918	53.064	27.918	53.064
		<u>1.978.035</u>	<u>2.650.761</u>	<u>3.540.955</u>	<u>3.534.066</u>
<b>Handbært fé</b>					
Bankainnstæður og sjóður.....	15	3.181.542	8.007.532	4.242.646	9.131.281
		<u>3.181.542</u>	<u>8.007.532</u>	<u>4.242.646</u>	<u>9.131.281</u>
<b>Veltufjármunir</b>		<u>5.159.577</u>	<u>10.658.293</u>	<u>7.783.600</u>	<u>12.665.347</u>
<b>Eignir</b>		<u>40.507.592</u>	<u>41.055.922</u>	<u>73.643.695</u>	<u>75.325.098</u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2021

Eigið fé og skuldir	Skýr.	Bæjarsjóður		Samantekið a og b hluti	
		31.12.2021	31.12.2020	31.12.2021	31.12.2020
<b>Eigið fé</b>	16				
Eigið fé .....		12.633.330	9.776.031	20.921.460	20.037.980
Hlutdeild minnihluta í eigin fé .....		0	0	7.442.585	7.218.617
		<u>12.633.330</u>	<u>9.776.031</u>	<u>28.364.045</u>	<u>27.256.597</u>
<b>Skuldir og skuldbindingar</b>					
<b>Skuldbindingar</b>					
Lífeyrisskuldbinding .....	17	7.577.435	6.770.788	7.699.419	6.885.932
Tekjuskattsskuldbinding .....	18	0	0	2.065.182	2.029.040
		<u>7.577.435</u>	<u>6.770.788</u>	<u>9.764.601</u>	<u>8.914.972</u>
<b>Langtímaskuldir</b>					
Skuldir við lánastofnanir .....	19	12.518.625	8.256.004	26.873.885	30.580.801
Fyrirframinnheimtar tekjur.....	20	0	0	588.743	658.515
Leigusamningar.....	21	1.371.142	9.931.105	1.682.906	1.712.580
		<u>13.889.768</u>	<u>18.187.109</u>	<u>29.145.535</u>	<u>32.951.896</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>					
Viðskiptaskuldir .....	22	559.300	554.946	1.424.978	1.335.765
Skuldir við tengd félög.....	23	2.045.741	1.913.206	0	0
Aðrar skammtímaskuldir.....	22	1.213.478	1.384.753	1.448.149	1.552.738
Fyrirframinnheimtar tekjur.....	22	1.613.730	1.509.569	1.682.937	1.578.776
Næsta árs afborganir langtímaskulda og leiguskuldb.....	22	974.809	959.519	1.813.450	1.734.355
		<u>6.407.059</u>	<u>6.321.994</u>	<u>6.369.514</u>	<u>6.201.633</u>
<b>Skuldir og skuldbindingar</b>		<u>27.874.262</u>	<u>31.279.891</u>	<u>45.279.650</u>	<u>48.068.501</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>		<u>40.507.592</u>	<u>41.055.922</u>	<u>73.643.695</u>	<u>75.325.098</u>



# Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2021

Skýr.	Bæjarsjóður			Samantekið a og b hluti			
	2021	Áætlun	2020	2021	Áætlun	2020	
<b>Rekstrarhreyfingar</b>							
Rekstrarniðurstaða ársins .....	2.170.393	(2.981.948)	82.653	(925.987)	(2.467.697)	69.684	
<b>Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á handbært fé:</b>							
Afskriftir .....	7,8	667.413	524.600	551.282	1.851.223	1.678.400	1.678.639
Aðrar afskriftir .....		0	0	0	4.784	0	(63)
Reikningshaldsleg afskrift hlutabréfa .....		0	0	0	38	0	35
Sölutap (-hagn) varanlegra rekstrarfjárm. ....		0	0	0	(155.866)	0	(13.365)
Sölutap (-hagnaður) hlutabréfa .....		(142.994)	0	(138.241)	(128.668)	0	(60.154)
Verðbætur, gengismunur og skuldb. vaxta .....		620.654	319.544	491.419	758.489	759.171	589.586
Breyting lífeyrisskuldbindinga .....	17	1.082.830	427.576	776.734	1.089.670	432.576	775.463
Breyting tekjuskattskuldbindinga .....		0	0	0	2.572	0	1.069
Reiknuð tekjufærsla v/kaupa á eignum EFF .....		(3.526.285)	0	0	0	0	0
Hlutdeild minnihluta .....	16	0	0	0	473.468	562.668	281.072
<b>Hreint veltufé frá rekstri</b>		<b>872.012</b>	<b>(1.710.228)</b>	<b>1.763.848</b>	<b>2.969.723</b>	<b>965.118</b>	<b>3.321.967</b>
<b>Breytingar rekstartengdra eigna og skulda:</b>							
Birgðir, lækkun (hækkun) .....		0	0	0	(92.286)	0	(30.358)
Óinnheimtar tekjur, lækkun (hækkun) .....	14	0	0	0	(69.772)	0	(69.207)
Aðrar skammtímakr., lækkun (hækkun) .....		(26.935)	0	(517.786)	717.633	0	(513.237)
Skammtímaskuldir, lækkun (hækkun) .....		(62.760)	0	581.613	23.914	0	641.953
Skammtímalíðir á b - hluta fyrirtæki .....		807.051	0	306.116	0	0	44.476
Innborgaðir vextir og arður .....		0	0	0	27.329	0	58.114
Greiddir vextir .....		0	0	0	(450.129)	0	(461.026)
Greiddir skattar .....		0	0	0	(81.939)	0	(265.159)
<b>Handbært fé (til) frá rekstri</b>		<b>1.589.368</b>	<b>(1.710.228)</b>	<b>2.133.792</b>	<b>3.044.473</b>	<b>965.118</b>	<b>2.727.522</b>
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>							
Fjárfesting í varanl. rekstrarfjárm. ....	7	(1.401.721)	(1.100.000)	(3.264.424)	(3.111.960)	(3.588.949)	(5.200.379)
Seldir varanlegir rekstrarfjármunir .....	7	0	0	0	280.076	0	47.335
Fjárfesting og sala á eignarhl. í félögum .....		124.806	0	250.500	(125.694)	0	2.334
Afb. og uppgr. fjármögnunarleigusamninga .....		0	0	0	0	0	271.425
Langtímakröfur, breyting .....	10	0	51.619	(73.032)	0	48.449	(73.032)
Langtímakröfur við eigin fyrirtæki, breyting .....		47.135	0	42.988	0	0	0
Sala og afborganir skuldbréfaeignar .....	10	54.555		52.494	101.690	0	95.482
		<b>(1.175.225)</b>	<b>(1.048.381)</b>	<b>(2.991.474)</b>	<b>(2.855.888)</b>	<b>(3.540.500)</b>	<b>(4.856.835)</b>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>							
Greiddur arður og útgreiðslur af eigin fé .....		0	0	0	0	(500.000)	0
Nýjar langtímaskuldir .....	19	4.700.000	0	3.500.000	4.700.000	186.000	4.419.818
Afborganir langtímaskulda .....	19	(785.320)	(804.703)	(694.966)	(9.767.669)	(1.651.519)	(2.558.272)
Afborganir leiguskuldbindinga .....		(8.906.079)	(56.791)	0	(715.113)	(56.791)	0
Keypt eigin hlutabréf .....		0	0	0	(249.500)	0	(249.500)
Fyrirfram innheimtar tekjur .....		0	0	0	(1.853)	0	(1.674)
Niðurgreiðsla lífeyrisskuldbindinga .....		(248.733)	(235.000)	(205.962)	(248.733)	(237.495)	(205.962)
Eigð fé breyting .....		0	0	0	6.226	0	0
Skuld við eigin fyrirtæki breyting .....		0	(417.382)	0	1.199.423	0	1.314.557
		<b>(5.240.132)</b>	<b>(1.513.876)</b>	<b>2.599.072</b>	<b>(5.077.220)</b>	<b>(2.259.805)</b>	<b>2.718.967</b>
<b>Hækkun handbærs fjár</b> .....		<b>(4.825.990)</b>	<b>(4.272.485)</b>	<b>1.741.389</b>	<b>(4.888.636)</b>	<b>(4.835.187)</b>	<b>589.654</b>
<b>Handbært fé flutt frá B hluta félögum</b> .....		<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>(803)</b>
<b>Handbært fé í upphafi árs</b> .....		<b>8.007.532</b>	<b>4.356.280</b>	<b>6.266.143</b>	<b>9.131.281</b>	<b>11.147.325</b>	<b>8.542.430</b>
<b>Handbært fé í lok tímabilsins</b> .....		<b>3.181.542</b>	<b>83.795</b>	<b>8.007.532</b>	<b>4.242.646</b>	<b>6.312.138</b>	<b>9.131.281</b>

# Skýringar

---

## 1. Almennar upplýsingar

Starfsemi sveitarfélagsins er skipt í a og b-hluta. Til a-hluta telst bæjarsjóður sem er aðalsjóður sveitarfélagsins auk annarra sjóða og stofnana er sinna starfsemi sem að hluta eða öllu leyti eru fjármögnuð með skatttekjum, en auk aðalsjóðs er um að ræða eignasjóð og umhverfismiðstöð.

Til b-hluta teljast stofnanir sveitarfélagsins og fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu sveitarfélagsins og eru reknar sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar. Þau fyrirtæki og stofnanir sem falla undir b-hluta eru: Fráveita Reykjanesbæjar, Framkvæmdasjóður aldraðra, Reykjaneshöfn, Eignarhaldsfélagið Fasteign ehf., HS Veitur hf., Íslendingur ehf., Tjarnargata 12 ehf., Nesvellir Hjúkrunarheimili (fasteign) og Hljómahöll-veitingar ehf.

Ársreikningur Reykjanesbæjar fyrir árið 2021 hefur að geyma ársreikning fyrir bæjarsjóð og samantekinn ársreikning fyrir a- og b-hluta.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga, lög um bókhald, reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga og auglýsingu um reikningsskil sveitarfélaga. Við gerð hans er í öllum meginatriðum fylgt sömu reikningsskilaaðferðum og á fyrra ári. Ársreikningurinn er gerður eftir kostnaðarverðsaðferð.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

### Ársreikningur bæjarsjóðs

Ársreikningur bæjarsjóðs tekur til aðalsjóðs, eignasjóðs og umhverfismiðstöðvar. Í ársreikningnum eru öll veruleg innbyrðis viðskipti og viðskiptastöður á milli sjóða sem mynda bæjarsjóð jöfnuð út.

### Samantekinn ársreikningur

Samantekinn ársreikningur tekur til bæjarsjóðs og b-hluta fyrirtækja þar sem eignarhlutur bæjarsjóðs er meiri en 50% í árslok. Í samantekna ársreikningnum eru ársreikningarnir lagðir saman, en viðskipti og viðskiptastöður á milli bæjarsjóðs og fyrirtækja sem mynda samantekna ársreikninginn eru jöfnuð saman.

### Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

### Innlausn tekna

Til skatttekna flokkast útsvar, fasteignaskattur og framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga auk annarra tekna með skattgildi, svo sem lóðarleiga. Útsvar er tekjufært samkvæmt staðgreiðsluskilagreinum og endanlegri álagningu ársins á undan, en aðrar skatttekjur eru tekjufærðar við álagningu þeirra. Til lækkunar skatttekna eru færðar reiknaðar niðurfærslur til að mæta vanhöldum vegna vafasamra óinnheimtra skatttekna.

Álögð gatnagerðargjöld, heimaðargjöld og framlög frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til stofnfrankvæmda eru færð til lækkunar á stofnverði viðkomandi eigna.

Tekjur af sölu vöru og þjónustu eru tekjufærðar þegar afhending vöru hefur farið fram og þjónusta verið innt af hendi.

Áfallnar vaxtatekjur eru færðar til tekna í samræmi við vaxtakjör viðkomandi eigna, en arðstekjur eru tekjufærðar þegar réttur til þeirra hefur skapast.

Hagnaður (tap) af sölu varanlegra rekstrarfjármuna er færður á meðal rekstrartekna/-gjalda, en hagnaður (tap) af sölu eignarhluta í félögum meðal fjármunatekna/-gjalda eða annarra tekna/gjalda.

# Skýringar

## 2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

### Gjaldfærslur á tímabil

Gjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

### Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við miðgengi reikningsskiladags. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

	Meðalgengi ársins		Árslokagengi	
	2021	2020	31.12.2021	31.12.2020
Evra (EUR) .....	150,19	154,52	147,60	156,10
Bandaríkjadalur (USD) .....	127,05	135,27	130,38	127,21
Svissneskur franki (CHF) .....	138,97	144,33	142,83	144,38
Japanskt jen (JPY) .....	1,1572	1,2681	1,1326	1,2341

### Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

### Verðlags- og gengisviðmið

Eignir og skuldir, sem bundnar eru vísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla, eru færðar í ársreikninginn miðað við verðlag og gengi í árslok. Verðbætur og gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikningi.

### Niðurfærslur eigna

Langtímakröfur, óinnheimtar skatttekjur og aðrar útstandandi skammtímakröfur hafa verið metnar með tilliti til tapsáhættu og niðurfærðar með óbeinni afskrift í ársreikningi. Ekki er hér um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótreikningur sem mætir þeim kröfum sem kunna að tapast. Breyting á niðurfærslu sem þannig er ákveðin, að teknu tilliti til endanlegra tapaðra krafna á reikningsárinu, er færð í rekstrarreikning.

Eignarhlutar í félögum eru færðir niður í markaðsverð eða matsverð þar sem það er lægra en kostnaðarverð og niðurfærsla gjaldfærð í rekstrarreikningi.

### Skattamál

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninga þeirra félaga b-hluta sem eru skattskyld. Útreikningur byggir á afkomu fyrir skatta að teknu tilliti til varanlegs mismunar á skattalegrí afkomu og afkomu samkvæmt ársreikningi. Tekjuskattshlutfall er 20%.

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára.

Frestaður skattur stafar af mismun efnahagsliða í skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar. Mismunurinn stafar af því að tekjuskattsstofn félagsins er miðaður við aðrar forsendur en reikningsskil þess.

# Skýringar

## 2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

### Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir, aðrir en lóðir og lendur, eru færðir til eignar á kostnaðarverði að fráðregnum afskriftum. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði eignanna og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand. Stofnverð nýrra gatna- og veitukerfa er eignfært að fráðregnum gatnagerðar- og heimæðargjöldum og sérstökum fráveituskatti. Framlög jöfnunarsjóðs til stofnframkvæmda færast til lækkunar á stofnverði viðkomandi eigna.

Sveitarfélagið innleiddi á árinu 2010 álit Reikningsskila- og upplýsinganefndar sveitarfélaga nr. 1 sem fjallar um færslu leigusamninga fasteigna og annarra mannvirkja í bókhald og reikningsskilum sveitarfélaga. Þar kemur fram að sveitarfélag skuli færa inn í efnahagsreikning sinn alla leigusamninga vegna fasteigna og annarra mannvirkja. Bókfært verð þeirra skal ákvarðast út frá fjárhæð skuldbindingar þegar samningar voru gerðir að fráðregnum uppsöfnuðum afskriftum frá þeim tíma. Skuldbindingar vegna leigusamninga skulu færðar til skuldar í efnahagsreikningi miðað við framreiknaðar eftirstöðvar þeirra þegar samningur var gerður.

Sveitarfélagið innleiddi á árinu 2010 álit Reikningsskila- og upplýsinganefndar sveitarfélaga nr. 2 sem fjallar um færslu á lóðum og lendum í bókhaldi og reikningsskilum sveitarfélaga. Sveitarfélagið færir til eignar meðal varanlegra rekstrarfjármuna eignasjóðs, lóðir og lendur sem það hefur leigutekjur af og eru þær metnar til gangvirkis en þó eigi hærra verði en sem nemur núvirði framtíðarleigutekna samkvæmt fyrirliggjandi leigusamningum. Lóðir og lendur eignasjóðs eru endurmetnar með reglubundnum hætti. Allar matsbreytingar vegna endur mats eru færðar á eiginfjárreikning.

Afskriftir eru reiknaðar af stofnverði varanlegra rekstrarfjármuna að fráðregnum framlögum til þeirra og gjaldfærðri línulegri afskrift á áætluðum endingartíma eignanna. Afskriftatími eigna hefst þegar þær eru teknar í notkun. Áætlaður nýtingartími eignanna greinist þannig:

Fasteignir og leigðar eignir.....	40 ár
Lóðir og lönd vegna skipulags, gatnakerfi .....	50 ár
Veitukerfi.....	25 til 50 ár
Hafnarmannvirki .....	7 til 25 ár
Lóðsbátur .....	20 ár
Aðrar eignir.....	3 til 8 ár

### Virðisrýrnun

Bókfært verð eigna, að undanskildum birgðum, er yfirfarið á hverjum uppgjörsdegi til að meta hvort vísbendingar séu um virðisrýrnun þeirra. Sé einhver slík vísbending til staðar er endurheimtanleg fjárhæð eignarinnar metin. Virðisrýrnun er gjaldfærð þegar bókfært verð eignar er hærra en endurheimtanleg fjárhæð hennar. Virðisrýrnun er gjaldfærð í rekstrarreikningi. Endurheimtanleg fjárhæð eignar er hreint gangvirkri hennar eða nýtingarvirði, hvort sem herra reynist. Nýtingarvirði er metið miðað við áætlað framtíðarsjóðstreymi, sem er núvirt með vöxtum fyrir skatta, sem endurspeglar mat markaðarins á tímavirði peninga hverju sinni og þeirri áhættu sem fylgir eigninni.

### Óefnislegar eignir

Nýtingarréttur er metinn á kostnaðarverði að fráðregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun.

Kostnaður sem fellur til síðar er aðeins eignfærður ef hann eykur væntan framtíðarávinning þeirrar eignar sem hann tengist. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar hann fellur til.

Afskriftir eru færðar línulega í rekstrarreikning miðað við áætlaðan nýtingartíma. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Nýtingarréttur.....	35 ár
---------------------	-------

### Eignarhlutar í félögum

Í ársreikningnum eru eignarhlutar í félögum verið færðir á kostnaðarverði eða áætluðu markaðsverði ef það er talið lægra.

Í samanteknum ársreikningi eru eignarhlutur í hlutdeildarfélögum færðir samkvæmt hlutdeildaraðferð.

Hlutdeildarfélög eru félög þar sem fjárfestir er í aðstöðu til að hafa veruleg áhrif á stjórnun þeirra. Veruleg áhrif eru til staðar þegar sveitarfélagið tekur þátt í ákvörðunum um fjármál og rekstur hlutdeildarfélaga. Samkvæmt hlutdeildaraðferð eru eignarhlutar í hlutdeildarfélögum færðir á kostnaðarverði að teknu tilliti til hlutdeildar í rekstri og virðisrýrnunar einstakra fjárfestinga. Tap hlutdeildarfélaga umfram hlutdeild er aðeins gjaldfært hafi sveitarfélagið gengist í ábyrgð eða stofnað til skuldbindinga fyrir þeirra hönd.

# Skýringar

## 2. Reikningskilaaðferðir (framhald)

### Eignir utan efnahags

Lönd og lóðir í eigu Reykjanesbæjar eru ekki færðar til eignar í efnahagsreikningi, ef frá er talið land sem keypt hefur verið vegna skipulags eða lóðaúthlutunar eða endurmetið í samræmi við Álit 2 frá Reikningskila- og upplýsinganefnd sveitarfélaga. Fjárfesting í lausafjarmunum og gatnagerðarframkvæmdum sem áður hefur verið gjaldfærð er ekki færð til eignar í efnahagsreikningi.

### Langtímakröfur

Langtímakröfur eru færðar til eignar eins og lánaþjór segja til um. Næsta árs og gjaldfallnar afborganir langtímakrafna eru færðar á meðal veltufjarmuna. Kröfurnar eru niðurfærðar til þess að mæta vanhöldum við innheimtu þeirra, sbr. kafla um niðurfærslu eigna.

### Birgðir

Vörubirgðir eru metnar á kostnaðarverði eða hreinu söluverði, hvort sem lægra reynist. Kostnaðarverð birgða samanstendur af kostnaði við öflun þeirra ásamt öðrum kostnaði sem fellur til við að koma birgðunum í söluhæft ástand.

### Óinnheimtar skatttekjur og aðrar kröfur

Óinnheimtar skatttekjur og aðrar kröfur eru færðar á nafnverði auk áfallinna vaxta ef um vaxtaberandi kröfur er að ræða. Kröfurnar eru niðurfærðar til þess að mæta vanhöldum við innheimtu þeirra, sbr. kafla um kröfur þessar.

### Handbært fé

Handbært fé samanstendur af sjóði, innstæðum í bönkum í innlendum og erlendum gjaldeyri og öðrum sambærilegum eignum sem eiga það sameiginlegt að vera handbærar innan þriggja mánaða.

### Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að sveitarfélagið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð þeirra með áreiðanlegum hætti.

Skuldbinding vegna lífeyrisrétinda starfsmanna sveitarfélagsins er færð meðal skuldbindinga í efnahagsreikningi á grundvelli tryggingafræðilegrar úttektar. Breyting á skuldbindingunni á árinu er gjaldfærð í rekstrarreikningi.

### Leiguskuldir

Við upphaflega skráningu skuldbindingar vegna leigusamninga er leiguskuld færð á gangvirði hinnar leigðu eignar eða núvirði lágmarksleigugreiðslna sé það lægra. Lágmarksleigugreiðslum er skipt í vaxtagjöld og afborganir.

Lágmarksleigugreiðslur eru þær greiðslur á samningstíma sem leigutaka er skylt að greiða eða kann að verða krafinn um, að undanskilinni skilyrtri leigu, sem og viðhaldi, þjónustukostnaði, tryggingum og sköttum sem leigusali greiðir.

Við útreikning á núvirði lágmarksleigugreiðslu er miðað við ávöxtunarkröfu leigusala ef það er gerlegt að ákvarða en annars miðað við lánskjör sveitarfélagsins af nýju fjármagni á þeim tíma sem samningur er gerður.

### Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar til verðlags í árslok eins og lánaþjór segja til um. Skuldir sem bundnar eru vísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar upp miðað við verðlag eða gengi í árslok. Næsta árs afborganir langtímaskulda eru færðar meðal skammtímaskulda.

### Viðskipta- og skammtímaskuldir

Viðskipta- og skammtímaskuldir eru færðar til skuldar í efnahagsreikningi á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar og áfallinna vaxta ef um vaxtaberandi skuldir er að ræða.

### Ábyrgðir og aðrar skuldbindingar utan efnahagsreikningsins

Skrá yfir ábyrgðir sveitarfélagsins utan efnahagsreiknings er birt í skýringu nr. 24.

### Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun Reykjanesbæjar fyrir árið 2021 með viðaukum er hluti ársreikningsins og er birt sem samanburðarfjárhæðir í rekstrarreikningi, yfirliti um sjóðstreymi og skýringum. Um er að ræða fjárhagsáætlun með viðaukum sem bæjarstjórn hefur samþykkt. Samanburð á fjárhagsáætlun með viðaukum við upphaflega fjárhagsáætlun má sjá í skýringum nr. 27 í ársreikningnum.

## Skýringar

### 3. Rekstrartekjur

Rekstrartekjur greinast þannig:

	Bæjarsjóður		Samantekið	
	2021	Fjárhags- áætlun 2021	2021	Fjárhags- áætlun 2021
<b>Skatttekjur án framlaga Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga</b>				
Útsvar.....	11.205.858	9.600.000	11.205.858	9.785.000
Fasteignaskattur.....	1.589.017	1.527.000	1.541.690	1.527.000
Lóðarleiga.....	319.603	300.000	319.603	300.000
	<b>13.114.479</b>	<b>11.427.000</b>	<b>13.067.151</b>	<b>11.612.000</b>
<b>Framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga</b>				
Tekjujöfnunarframlag.....	855.303	300.000	855.303	300.000
Útgjaldajöfnunarframlag.....	210.172	100.000	210.172	100.000
Framlag vegna fasteignagjalda.....	441.775	550.000	441.775	550.000
Almennt grunnskólaframlag.....	736.677	550.000	736.677	550.000
Framlag vegna málefna fatlaðra.....	510.822	550.000	510.822	550.000
Framlag vegna sérþarfa fatlaðra nemenda.....	111.193	100.000	111.193	100.000
Framlag vegna nýbúa.....	70.938	40.000	70.938	40.000
Framlag vegna tónlistarnáms.....	21.110	10.000	21.110	10.000
	<b>2.957.991</b>	<b>2.200.000</b>	<b>2.957.991</b>	<b>2.200.000</b>
<b>Aðrar tekjur</b>				
Þjónustutekjur.....	2.236.909	2.236.211	10.636.452	10.203.240
Eignatekjur.....	18.424	45.630	226.328	45.630
	<b>2.255.333</b>	<b>2.281.841</b>	<b>10.862.779</b>	<b>10.248.870</b>
Rekstrartekjur samtals.....	<b>18.327.803</b>	<b>15.908.841</b>	<b>26.887.922</b>	<b>24.060.870</b>
<b>Álagningarhlutföll</b>				
Útsvar.....		14,52%		
Fasteignaskattur A stofn - íbúðarhúsnæði.....		0,32%		
Fasteignaskattur B stofn - opinberar byggingar.....		1,32%		
Fasteignaskattur C stofn - atvinnuhúsnæði og annað húsnæði.....		1,52%		
Fasteignaskattar - hesthús.....		0,32%		

### 4. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	Bæjarsjóður		Samantekið	
	2021	Fjárhags- áætlun 2021	2021	Fjárhags- áætlun 2021
Laun.....	8.082.124	7.801.934	9.257.251	9.025.211
Launatengd gjöld.....	1.959.025	1.999.491	2.290.529	2.313.401
Laun og launatengd gjöld samtals.....	<b>10.041.148</b>	<b>9.801.425</b>	<b>11.547.780</b>	<b>11.338.612</b>
Stöðugildi í árslok 2021.....	1.010		1.113	
Stöðugildi í árslok 2020.....	955		1.057	
Starfsmannafjöldi í árslok 2021.....	1.161		1.264	
Starfsmannafjöldi í árslok 2020.....	1.237		1.339	

Laun bæjarstjórnar, bæjarráðs og bæjarstjóra námu um 95,1 milljónum króna á árinu 2021 en 99,6 milljónum króna árið 2020.

Laun og þóknarir til stjórnenda b-hluta félaga námu um 168,1 milljónum króna á árinu 2021 en 161,1 milljónum króna árið 2020.

## Skýringar

### 5. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

	Bæjarsjóður		Samantekið	
	2021	Fjárhags- áætlun 2021	2021	Fjárhags- áætlun 2021
Vaxta og verðbótatekjur langtímakrafna.....	238.653	180.000	405.458	411.456
Gengismunur sjóðsbréfa.....	24.350	0	24.350	0
Annar gengismunur.....	12	0	12	0
Aðrar vaxtatekjur.....	17.010	11.500	35.660	11.500
Tekjur af eignarhlutum.....	142.994	0	284.534	0
Aðrar fjármunatekjur, þ.m.t. arður.....	6.391	0	7.616	0
Fjármagnstekjuskattur af arði og söluhagnaði hlutabréfa.....	0	0	0	0
	<b>429.411</b>	<b>191.500</b>	<b>757.631</b>	<b>422.956</b>
Vextir og verðbætur langtímalána .....	(1.071.996)	(1.189.363)	(2.719.275)	(2.365.319)
Önnur vaxtagjöld.....	(101.273)	(14.000)	(123.137)	(14.000)
Afskrift skammtímakrafna á b-hluta.....	0	0	0	0
	<b>(1.173.269)</b>	<b>(1.203.363)</b>	<b>(2.842.411)</b>	<b>(2.379.319)</b>
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) samtals.....	<b>(743.858)</b>	<b>(1.011.863)</b>	<b>(2.084.781)</b>	<b>(1.956.363)</b>

### 6. Rekstur málaflokka og fyrirtækja í samanburði við fjárhagsáætlun

Rekstur málaflokka greinist þannig:

	Gjöld	Tekjur	Mismunur	Fjárhags- áætlun
Skatttekjur.....	0	16.323.789	16.323.789	13.912.000
Félagsþjónusta.....	3.155.813	722.477	(2.433.336)	(2.303.715)
Fræðslu- og uppeldismál.....	9.268.641	436.772	(8.831.869)	(8.701.608)
Menningarmál.....	526.903	58.551	(468.352)	(496.683)
Íþróttu- og tómstundamál.....	1.527.842	368.005	(1.159.837)	(1.146.470)
Brunamál og almannavarnir.....	336.918	0	(336.918)	(328.291)
Hreinlætismál.....	440.968	370.707	(70.261)	(2.000)
Skipulags- og byggingarmál.....	192.731	67.517	(125.213)	(165.481)
Umferðar- og samgöngumál.....	627.427	(14.702)	(642.129)	(630.760)
Umhverfismál.....	159.100	3.927	(155.173)	(159.865)
Atvinnumál.....	437.841	279.106	(158.735)	(175.704)
Sameiginlegur kostnaður.....	1.165.496	102.727	(1.062.769)	(1.176.081)
Breyting lífeyrisskuldbindinga.....	1.082.830	0	(1.082.830)	(427.576)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld.....	1.005.490	429.411	(576.079)	(577.500)
<b>Aðalsjóður samtals.....</b>	<b>19.928.001</b>	<b>19.148.289</b>	<b>(779.711)</b>	<b>(2.379.734)</b>
<b>A-hluta stofnanir:</b>				
Eignasjóður.....	1.909.989	5.201.565	3.291.577	(256.668)
Umhverfismiðstöð.....	408.453	66.980	(341.472)	(345.546)
Innri færslur A hluta.....	(2.133.337)	(2.133.337)	0	0
Bæjarsjóður samtals.....	<b>20.113.105</b>	<b>22.283.499</b>	<b>2.170.393</b>	<b>(2.981.948)</b>

## Skýringar

### 6. Rekstur málaflokka og fyrirtækja í samanburði við fjárhagsáætlun (framhald)

	Gjöld	Tekjur	Mismunur	Fjárhags- áætlun
<b>B-hluta stofnanir:</b>				
Fráveita Reykjanesbæjar.....	193.127	449.501	256.374	233.419
Eignarhaldsfélagið Fasteign ehf.....	382.677	158.294	(224.383)	0
HS Veitur hf.....	7.141.451	8.090.286	948.835	920.000
Hjúkrunarheimilið Nesvellir (fasteignin).....	185.675	133.888	(51.787)	(32.500)
Hljómahöll-veitingar ehf.....	31.226	34.188	2.962	0
Reykjaneshöfn.....	264.561	3.290.564	3.026.003	(44.000)
Tjarnargata 12 ehf.....	80.469	90.738	10.269	0
Íslendingur ehf.....	332	2	(330)	0
	<u>8.279.518</u>	<u>12.247.460</u>	<u>3.967.942</u>	<u>1.076.919</u>
Hlutdeild minnihluta.....	473.468	0	(473.468)	(562.668)
Afskrift yfirverðs vegna eignarhlutar í HS Veitum hf.....	(22.965)	0	22.965	0
Bakfærð viðskipti milli a- og b-hluta.....	3.073.208	(6.599.493)	(3.526.285)	0
Söluþap hlutabréfa leiðrétt á samstæðugrunni.....	14.326	0	(14.326)	0
Innri færslur.....	(285.913)	(285.913)	0	0
	<u>34.717.956</u>	<u>27.645.553</u>	<u>(925.987)</u>	<u>(2.467.697)</u>

### 7. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

#### Bæjarsjóður

	Leigðar eignir	Fasteignir, lóðir og lendum	Götur og veitukerfi	Aðrar eignir	Samtals
Bókfært verð 1.1.2021.....	5.689.919	16.431.545	2.607.328	124.264	24.853.056
Viðbót á árinu.....	0	691.057	704.438	6.226	1.401.721
Fasteignir keyptar frá Eignarhaldsfélaginu Fasteign ehf.....	0	8.363.900	0	0	8.363.900
Selt á árinu til Reykjanesbæjar.....	(4.837.615)	0	0	0	(4.837.615)
Endurmat lóða samkvæmt álit 2.....	0	686.905	0	0	686.905
Afskrifað á árinu.....	(118.124)	(388.578)	(144.090)	(16.621)	(667.413)
Bókfært verð 31.12.2021.....	<u>734.180</u>	<u>25.784.830</u>	<u>3.167.676</u>	<u>113.869</u>	<u>29.800.554</u>

#### Samantekið

	Leigðar eignir	Fasteignir, lóðir og lendum	Götur og veitukerfi	Hafnar- mannvirki	Aðrar eignir	Samtals
Bókfært verð 1.1.2021.....	760.252	26.520.246	30.485.776	1.815.261	366.961	59.948.496
bakf. endurmat leigðra eigna frá 2020.....	0	0	0	0	0	0
Endurmat á árinu / álit 2.....	0	686.905	0	0	0	686.905
Áhrif IFRS 16.....	0	0	0	0	0	0
Viðbót á árinu.....	0	9.125.441	2.300.955	26.202	23.263	11.475.861
Selt á árinu / bakfærðir samningar.....	0	(7.244.519)	0	0	0	(7.244.519)
Afskrifað á árinu.....	(26.072)	(626.440)	(1.004.103)	(38.222)	(116.916)	(1.811.753)
Innri færslur - leigðar eignir.....	0	0	0	0	0	0
Bókfært verð 31.12.2021.....	<u>734.180</u>	<u>28.461.633</u>	<u>31.782.627</u>	<u>1.803.241</u>	<u>273.308</u>	<u>63.054.990</u>



## Skýringar

### 7. Varanlegir fastafjármunir (framhald)

Fasteignamat og váttryggingamat fasteigna sveitarfélagsins í árslok greinist þannig:

	Fasteigna- mat	Váttrygginga- mat	Bókfært verð
<b>Bæjarsjóður</b>			
Skólahúsnæði og endurbætur á leigðum eignum.....	6.846.955	19.489.850	11.940.964
Gæsluvellir.....	38.750	55.700	4.489
Iðnaðar- og sérhæfð húsnæði og aðrar eignir.....	3.323.590	6.723.458	6.022.327
Hljómahöll.....	341.150	449.000	510.349
Byggingaland.....			7.306.701
Leigðar eignir.....	961.850	2.595.800	734.180
	<b>11.512.295</b>	<b>29.313.808</b>	<b>26.519.010</b>
<b>Samantekið</b>			
Fasteignir Bæjarsjóðs .....	11.512.295	29.313.808	26.519.010
Framkvæmdasjóður aldraðra Reykjanesbæ .....	119.400	395.700	40.998
HS Veitur hf.....	3.197.000	16.899.000	1.544.443
Hjúkrunarheimilið Nesvellir (fasteignin).....	654.950	1.928.300	1.211.308
Reykjaneshöfn .....	91.745	164.515	364.110
Tjarnargata 12 ehf.....	636.742	2.179.050	536.967
Lóðir og lendur skv álit 2.....			(686.905)
Innri færslur - leigðar eignir.....			(334.118)
	<b>16.212.132</b>	<b>50.880.373</b>	<b>29.195.813</b>

#### HS Veitur hf. virðisrýmunarpróf

Kannað var hvort vísbendingar væru um virðisrýrnun og leiddi sú könnun til þess að ekki var talin þörf á virðisrýmunarprófi.

### 8. Óefnislegar eignir

#### Samantekið

	Nýtingar- réttur
Stofnverð í ársbyrjun.....	579.070
Afskrifað áður .....	(198.116)
Bókfært verð í ársbyrjun.....	380.954
Afskrifað á árinu .....	(16.506)
Bókfært verð í árslok.....	<b>364.448</b>

#### Nýtingarréttur

HS Veitur hf. hefur gert samning við Vestmannaeyjabæ um nýtingu neðansjárleiðslu til flutnings ferskvatns til dreifingar í Vestmannaeyjum. Samningurinn er til 35 ára. Eignfærður er nýtingarréttur vegna þessa.

## Skýringar

### 9. Eignarhlutar í félögum

Eignarhlutar í félögum í árslok greinast þannig:

	Hlutdeild	Nafnverð	Bæjarsjóður	Samantekið
			31.12.2021	31.12.2021
Eignarhlutar í hlutdeildar- og dótturfélögum:				
HS Veitur hf.....	50,10%	458.866	3.011.987	0
Hljómahöll-veitingar ehf.....	100,00%	500	500	0
Íslendingur ehf.....	99,76%	101.536	109.421	0
Tjarnargata 12 ehf.....	100,00%	7.220	170.877	0
Eignarhaldsfélagið Fasteign ehf.....	100,00%	2.797	2.797	0
Afskriftarreikningur eignarhluta.....			(87.920)	0
		570.919	3.207.661	0
Eignarhlutar í öðrum félögum:				
Atvinnuþróunarfélag Suðurnesja ehf. ....	30,06%	5.875	59	59
Bláa lónið hf.....	0,13%	600	600	600
Brunavarnir Suðurnesja byggðasamlag.....	80,02%	218.515	218.515	218.515
DMM Lausnir ehf.....	13,75%	1.226	0	24.161
EFF 5 ehf.....	100,00%	500	0	176
Eignarhaldsfélag Suðurnesja hf.....	14,99%	76.300	71.974	71.974
Hreyfing eignarhaldsfélag ehf.....	0,02%	36	36	36
Keilir, miðstöð vísinda, fr ehf.....	33,93%	125.686	134.694	134.694
Landskerfi Bókasafna.....	1,91%	2.873	2.873	2.873
Landsvarmi ehf.....	20,00%	110	0	110
Lánasjóður sveitarfélaga ohf.....	3,03%	151.500	268.425	268.425
Netorka hf.....	8,79%	1.539	0	9.943
RBF fasteignafélag ehf.....	100,00%	0	0	177
Samvinnutryggingar g.t. ....	n/a	2	2	2
Sorpeyðingastöð Suðurnesja s.f. ....	70,08%	129.413	129.413	129.413
Talus ehf.....	10,00%	200	200	200
Afskriftarreikningur eignarhluta .....			(112.180)	(112.180)
		714.376	714.612	749.179
Eignarhlutar í félögum alls.....			3.922.274	749.179

Samkvæmt lögum um ársreikninga ber að færa niður eignarhluti í félögum ef ljóst þykir að markaðsvirði þeirra sé lægra en kostnaðarverð og ástæður þess eru ekki taldar skammvinnar. Til að gæta varúðar hefur verið lagt í varasjóð 200,1 milljón króna vegna ætlaðrar virðisrýrnunar á eignarhlutum bæjarsjóðs Reykjanesbæjar í félögum. Varasjóður samstæðu a- og b-hluta nemur 112,2 milljónum króna.

#### Brunavarnir Suðurnesja byggðasamlag og Sorpeyðingastöð Suðurnesja s.f.

Í árslok 2021 var eignarhlutur Reykjanesbæjar 80,02% í Brunavörnum Suðurnesja byggðasamlagi og 70,08% í Sorpeyðingarstöð Suðurnesja s.f. Eignarhlutur er í báðum tilfellum meiri en 50% en samkvæmt stjórnarskipan hefur Reykjanesbær ekki meirihlutavald um rekstur þeirra og því er félagið/samlagið ekki tekið með í samstæðu A og B hluta Reykjanesbæjar samkvæmt lögum um ársreikninga nr. 3/2006.

# Skýringar

## 10. Skuldabréfaeign

Skuldabréfaeign greinist þannig:

	Bæjarsjóður		Samantekið	
	31.12.2021	31.12.2020	31.12.2021	31.12.2020
Fasteignir Reykjanesbæjar.....	430.929	411.021	430.929	411.021
Almennar íbúðir hses.....	422.634	403.109	422.634	403.109
Útlendingur ehf.....	73.032	73.032	73.032	73.032
Önnur skuldabréfaeign.....	28.819	81.249	28.819	81.249
Næsta árs og gjaldfallin afborgun.....	(27.918)	(53.064)	(27.918)	(53.064)
	<u>927.497</u>	<u>915.347</u>	<u>927.497</u>	<u>915.347</u>

Greining ársins:

	Bæjarsjóður		Samantekið	
	31.12.2021	31.12.2020	31.12.2021	31.12.2020
Bókfært verð í ársbyrjun.....	968.412	917.134	968.412	917.134
Ný skuldabréf.....	0	73.032	0	73.032
Sala og afborganir ársins.....	(54.555)	(52.494)	(54.555)	(52.494)
Verðbætur og vextir.....	41.559	30.739	41.559	30.739
	<u>955.415</u>	<u>968.412</u>	<u>955.415</u>	<u>968.412</u>
Næsta árs og gjaldfallnar afborganir.....	(27.918)	(53.064)	(27.918)	(53.064)
	<u>927.497</u>	<u>915.347</u>	<u>927.497</u>	<u>915.347</u>

Afborganir af skuldabréfaeign dreifast þannig á næstu ár:

Afborganir 2022.....	27.918	26.775	27.918	26.775
Afborganir 2023.....	395.021	395.005	395.021	395.005
Afborganir 2024.....	0	0	0	0
Afborganir 2025.....	73.032	73.032	73.032	73.032
Afborganir síðar .....	459.443	473.600	459.443	473.600
	<u>955.415</u>	<u>968.412</u>	<u>955.415</u>	<u>968.412</u>

## 11. Langtímakröfur á eigin félög

Langtímakröfur við B-hluta félög greinist þannig:

	Bæjarsjóður		Samantekið	
	31.12.2021	31.12.2020	31.12.2021	31.12.2020
Langtímakrafa á Reykjaneshöfn.....	0	3.073.208	0	0
Reikningshaldsleg niðurfærsla langtímakröfu á Reykjaneshöfn.....	0	(3.073.208)	0	0
	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>0</u>
Næsta árs og gjaldfallnar afborganir.....	0	0	0	0
	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>0</u>

Á árinu 2018 var gert samkomulag milli Reykjanesbæjar og Reykjaneshafnar um uppgjör á víkjandi lánum og öðrum skuldum hafnarinnar við Reykjanesbæ í kjölfar fjárhagslegrar endurskipulagningar. Gefið var út nýtt skuldabréf til greiðslu eldri skuldabréfa að fjárhæð 3.295 millj. króna og stendur það lán í árslok 2021 í 3.073,2 millj. króna. Á árinu 2021 var samþykkt af bæjarsjórn að gefa eftir þessa kröfu á Reykjaneshöfn. Sjá nánar í skýringu 25.

## Skýringar

### 12. Langtímakröfur

	Bæjarsjóður		Samantekið	
	31.12.2021	31.12.2020	31.12.2021	31.12.2020
Fyrirframgreiðsla - framlag í lífeyrisaukasjóð.....	725.140	752.590	725.140	752.590
Gjaldfærsla fyrirframgreiðslu á árinu.....	(27.450)	(27.450)	(27.450)	(27.450)
	697.690	725.140	697.690	725.140
Samtals langtímakröfur.....	697.690	725.140	697.690	725.140

### 13. Birgðir

Efnisbirgðir Reykjaneshafnar námu 66,3 milljónir króna og samanstanda af efni til uppbyggingar á lóðum sem ekki hefur verið úthlutað og efnishaugum í Helgukví sem stóð til að nota við hafnargerð á árinu 2021 eða síðar. Efnisbirgðir Reykjaneshafnar eru því færðar meðal fastafármuna. Efnisbirgðir HS Veitna hf. námu um 554,7 milljónum króna í árslok 2021 og samanstanda af efnisbirgðum og varahlutum og eru færðar meðal veltufármuna. Sama á við um vörubirgðir Hljómahallar-veitingar ehf sem nema um 2,1 milljónum króna í árslok 2021.

### 14. Óinnheimtar tekjur

Óinnheimtar tekjur í árslok greinast þannig:	Bæjarsjóður		Samantekið	
	31.12.2021	31.12.2020	31.12.2021	31.12.2020
Útsvör og staðgreiðsla:				
Gjöld í innheimtu Sýslumannsins á Suðurnesjum .....	1.127.815	938.286	1.127.815	938.286
- reikningshaldsleg afskrift gjalda .....	(1.041.053)	(870.880)	(1.041.053)	(870.880)
Útistandandi staðgreiðsla .....	1.000.863	1.008.179	1.000.863	1.008.179
	1.087.625	1.075.585	1.087.625	1.075.585
Fasteignagjöld:				
Gjöld í gjaldendabókhalda bæjarsjóðs .....	36.390	54.974	36.390	54.974
- reikningshaldsleg afskrift gjalda .....	0	0	0	0
	36.390	54.974	36.390	54.974
Aðrar tekjur:				
Gatnagerðargjöld .....	37.717	87.403	37.717	87.403
- reikningshaldsleg afskrift gjalda .....	0	(24.039)	0	(24.039)
Vistgjöld barna á leikskólum .....	6.568	5.243	6.568	5.243
Ýmsar tekjur .....	0	162.018	0	162.018
- reikningshaldsleg afskrift gjalda .....	(6.639)	(8.437)	(6.639)	(8.437)
	37.646	222.188	37.646	222.188
Óinnheimtar tekjur bæjarsjóðs alls.....	1.161.661	1.352.747	1.161.661	1.352.747
Óinnheimtar tekjur annarra félaga.....	0	0	1.061.539	1.121.874
Óinnheimtar tekjur alls.....	1.161.661	1.352.747	2.223.200	2.474.621

# Skýringar

## 14. Óinnheimtar tekjur (framhald)

Óinnheimt útsvar auk dráttarvaxta af þeim kröfum er niðurfært um reikningshaldslega afskrift. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða, heldur er myndaður mótreykingur til að mæta þeim vanhöldum sem kunna að verða á innheimtu framangreindra krafna. Niðurfærsla þessi nemur 1.041 milljónum króna, sem er um 92,31% óinnheimts útsvars, aðstöðugjalda og dráttarvaxta. Reikningshaldsleg afskrift útsvars og dráttarvaxta vegna þeirra hækkar um 170 milljónir króna á árinu. Reikningshaldsleg afskrift gatnagerðargjalda og fasteignagjalda nemur núll krónum í árslok og hefur lækkað um 24 milljónir króna frá fyrra ári. Reikningshaldsleg afskrift er byggð á mati stjórnenda og reynslu fyrri ára.

Reikningshaldsleg afskrift óinnheimtra tekna annarra félaga nemur í árslok 2021 um 215 milljónum króna. Hækkun ársins nemur um 5 milljónum króna og hefur verið færð til lækkunar á kostnaði. Reikningshaldslegar afskriftir eru byggðar á mati stjórnenda og reynslu fyrri ára.

## 15. Aðrar peningalegar eignir

Aðrar skammtímakröfur	Bæjarsjóður		Samantekið	
	31.12.2021	31.12.2020	31.12.2021	31.12.2020
Viðskiptamenn aðrir .....	184.371	167.037	184.371	167.037
Viðskiptamenn vegna framfærslulána .....	107.964	84.235	107.964	84.235
Heimilisþjónusta .....	4.769	4.426	4.769	4.426
Tónlistarskólakröfur .....	245	168	245	168
- reikningshaldsleg afskrift viðskiptakrafna .....	(89.021)	(74.882)	(89.021)	(74.882)
<b>Viðskiptakröfur samtals .....</b>	<b>208.328</b>	<b>180.984</b>	<b>208.328</b>	<b>180.984</b>
Óinnheimtur endurkræfur virðisaukaskattur .....	57.744	48.554	57.744	48.554
Ríkissjóður, jöfnunarsjóður .....	225.126	0	225.126	0
Greiðslukortafyrirtæki .....	1.145	2.204	1.145	2.204
Endurkræfinn virðisaukaskattur .....	39.610	116.305	39.610	116.427
Áfallnir vextir .....	134.520	99.747	134.520	126.445
Aðrar skammtímakröfur .....	65.271	65.928	66.561	67.247
	<b>731.744</b>	<b>513.722</b>	<b>733.034</b>	<b>541.862</b>

Viðskiptakröfur eru niðurfærðar til að mæta vanhöldum sem kunna að verða á innheimtu þeirra. Í árslok hefur samtals verið lagt í afskriftarsjóð um 89 milljónir króna vegna viðskiptakrafna. Ofangreindir afskriftarsjóðir eru færðir til lækkunar á viðkomandi liðum í efnahagsreikningi. Reikningshaldslegar afskriftir vegna viðskiptakrafna hafa hækkað um 14,1 milljónir króna á árinu og eru breytingarnar færðar í málaflokk 21, samgígnlegur kostnaður. Reikningshaldsleg afskrift er byggð á mati stjórnenda og reynslu fyrri ára.

Reikningshaldsleg niðurfærsla annarra skammtímakrafna b hluta félaga í árslok 2021 var engin og óbreytt frá fyrra ári. Niðurfærslan er ekki sýnd sérstaklega í ofangreindu yfirliti heldur nettó fjárhæð annarra skammtímakrafna.

### Handbært fé

Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Sjóður	Bæjarsjóður		Samantekið	
	31.12.2021	31.12.2020	31.12.2021	31.12.2020
Sjóður .....	277	503	461	783
Bankainnstæður í erlendri mynt .....	11.598	89	11.598	165
Bankainnstæður í íslenskum krónum .....	3.169.667	8.006.940	4.230.586	9.130.333
	<b>3.181.542</b>	<b>8.007.532</b>	<b>4.242.646</b>	<b>9.131.281</b>

# Skýringar

## 16. Eigið fé

Yfirlit yfir eiginfjárreikninga:

	Bæjarsjóður		Samantekið	
	31.12.2021	31.12.2020	31.12.2021	31.12.2020
<b>Eigið fé</b>				
Yfirfært frá fyrra ári .....	9.776.031	9.693.378	20.037.980	17.657.225
Breyting á endurmati ársins.....	686.905	0	686.905	21.397
Aðrar leiðréttingar b hluta félaga.....	0	0	1.122.563	2.289.674
Rekstrarniðurstaða.....	2.170.393	82.653	(925.987)	69.684
	<u>12.633.330</u>	<u>9.776.031</u>	<u>20.921.460</u>	<u>20.037.980</u>

### Greining á eigin fé

Eigið fé.....	17.915.034	16.906.687
Sérstakur endurmatreikningur b-hluta félaga.....	3.006.426	3.131.293
	<u>20.921.460</u>	<u>20.037.980</u>

	Samantekið	
	31.12.2021	31.12.2020
<b>Hlutdeild minnihluta</b>		
Yfirfært frá fyrra ári.....	7.218.617	7.186.867
Leiðrétt staða 1/1.....	0	424
Áhrif vegna breytinga á eignarhlut í dótturfélagi.....	(249.500)	(249.500)
Aðrar leiðréttingar b-hluta félaga.....	0	(245)
Hlutdeild minnihluta í rekstrarniðurstöðu.....	473.468	281.072
	<u>7.442.585</u>	<u>7.218.617</u>

Hlutdeild minnihluta í eigin fé í árslok 2021 er tilkomin vegna 0,24% hlutdeildar minnihluta í Íslandingi ehf. og 49,9% hlutdeildar minnihluta í HS Veitum hf.

## 17. Lífeyrisskuldbindingar

Á bæjarsjóði hvílir lífeyrisskuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna bæjarfélagsins hjá B-deild Lífeyrissjóðsins Brú og B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins en um er að ræða réttindatengd kerfi í þessum sjóðum með bakábyrgð launagreiðanda. Auk þess yfirtók Reykjanesbær á árinu 2015 lífeyrisskuldbindingar starfsmanna Brunavarna Suðurnesja. Skuldbindingin er reiknuð samkvæmt tryggingafræðilegum forsendum þar sem miðað er við spá um lækkandi dánartíðni. Helstu forsendur eru 2% vextir, lífslíkur samkvæmt reynslu á árunum 2014 til 2018 með spá FÍT um lækkandi dánartíðni. Örorculíkur eru samkvæmt reynslu árunna 2010 til 2014. Vísitöluhækkun á árinu nam 5,6% í útreikningi. Skuldbindingin nemur alls um 7.577 milljónum króna í árslok 2021 og hefur þá hækkað um 806,6 milljónir króna frá sama tíma árið áður. Gjaldfærsla skuldbindingarinnar ásamt greiðslu ársins nemur um 1.055 milljónum króna hjá bæjarsjóði.

Á Reykjaneshöfn hvílir skuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna félagsins hjá B-deild Lífeyrissjóðsins Brú. Skuldbindingin nemur kr. 121.983.993 í árslok 2021 samkvæmt tryggingafræðilegu mati og miðast útreikningurinn við 2% ávöxtun umfram launahækkunar. Hækkun skuldbindingarinnar nam kr. 6.839.699 og er færð til gjalda í rekstrarreikningi.

## Skýringar

### 17. Lífeyrisskuldbindingar (framhald)

	Bæjarsjóður		Samantekið	
	31.12.2021	31.12.2020	31.12.2021	31.12.2020
Lífeyrisskuldbindingar frá fyrra ári .....	6.770.788	6.227.466	6.885.932	6.343.881
Hækkun ársins.....	1.055.380	749.284	1.062.220	748.013
Afborganir ársins.....	(248.733)	(205.962)	(248.733)	(205.962)
Lífeyrisskuldbindingar í árslok .....	7.577.435	6.770.788	7.699.419	6.885.932
<b>Greining lífeyrisskuldbindinga:</b>				
Áfallin lífeyrisskuldbinding.....	7.581.660	6.886.035	7.702.736	7.001.179
Áfallin skuldbinding vegna rekstrar.....	8.112	7.226	9.020	7.226
Endurmetin eign.....	(12.338)	(122.473)	(12.338)	(122.473)
	7.577.435	6.770.788	7.699.419	6.885.932
<b>Núvirði áætlaðra greiðslna vegna lífeyrisskuldbindingar greinist þannig á næstu ár:</b>				
Árin 2022-2026 / 2021-2025.....	1.385.236	1.283.155	1.411.849	1.307.384
Árin 2027-2031 / 2026-2030.....	1.511.395	1.394.284	1.539.874	1.420.562
Árin 2032-2036 / 2031-2035.....	1.513.293	1.393.256	1.540.544	1.418.436
Síðar.....	3.167.511	2.700.093	3.207.152	2.739.549
	7.577.435	6.770.788	7.699.419	6.885.932

### 18. Tekjuskattsskuldbinding

Tekjuskattsskuldbinding í árslok er vegna HS Veitna hf og Tjarnargötu 12 hf.

Breyting tekjuskattsskuldbindingar á árinu greinist þannig:	Samantekið
Staða í ársbyrjun .....	2.029.040
Breyting á tekjuskattsskuldbindingu vegna lækkunar á sérstöku endurmati .....	0
Reiknaður tekjuskattur vegna ársins 2021 .....	182.633
Tekjuskattur til greiðslu .....	(146.490)
Tekjuskattsskuldbinding í árslok .....	2.065.182
<b>Tekjuskattsskuldbinding greinist þannig í árslok:</b>	
Rekstrarfjármunir .....	2.009.924
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur .....	55.375
Fyrirfram innheimtar tekjur .....	12.014
Yfirfæranlegt skattalegt tap .....	(12.131)
	2.065.182

### 19. Langtímaskuldir

Yfirlit um langtímaskuldir:	Bæjarsjóður		Samantekið	
	31.12.2021	31.12.2020	31.12.2021	31.12.2020
Skuldir í íslenskum krónum.....	13.315.471	8.843.340	28.417.440	32.159.012
Yfirverð/Afföll.....	(70.754)	(73.876)	(70.754)	(73.876)
Yfirverð/Afföll.....	180.556	71.773	270.629	164.495
	13.425.273	8.841.237	28.617.315	32.249.631
Næsta árs afborganir langtímaskulda .....	(906.648)	(585.233)	(1.743.429)	(1.668.830)
Langtímaskuldir í árslok .....	12.518.625	8.256.004	26.873.885	30.580.801

## Skýringar

### 19. Langtímaskuldir (framhald)

Afborganir af langtímaskuldum í lok ársins greinast þannig á næstu ár:

	Bæjarsjóður		Samantekið	
	31.12.2021	31.12.2020	31.12.2021	31.12.2020
Afborganir 2022 / 2021.....	906.648	585.233	1.743.429	1.668.830
Afborganir 2023 / 2022.....	925.560	599.344	1.789.582	1.721.314
Afborganir 2024 / 2023.....	841.453	614.028	1.733.675	1.775.833
Afborganir 2025 / 2024.....	750.753	528.403	1.672.177	1.731.559
Afborganir 2026 / 2025.....	761.553	436.305	1.712.949	1.682.387
Afborganir síðar.....	9.129.505	6.080.026	19.765.627	23.579.088
	<u>13.315.471</u>	<u>8.843.340</u>	<u>28.417.440</u>	<u>32.159.012</u>

### 20. Fyrirframinnheimtar tekjur

Fyrirframinnheimtar tekjur HS Veitna hf. námu í árslok 2021 um 657,9 milljónum króna. Sá hluti fyrirframinnheimtra tekna sem tekjufærður verður á næsta ári nemur um 69,2 milljónum króna og er færður meðal skammtímaskulda og fyrirfram innheimt gatnagerðagjöld eru færð meðal skammtímaskulda og nema 1.613,7 milljónum króna sem gera samtals 1.682,9 milljónir króna. Í árslok 2020 námu þær 1.578,7 milljónum króna sem færðar voru meðal skammtímaskulda.

### 21. Leigusamningar

Á fyrri hluta árs 2021 náðist að klára fjármögnun til að Reykjanesbær gæti leyst til sín eignir Eignarhaldsfélagsins Fasteignar ehf sem Reykjanesbær hefur leigt frá árinu 2003. Samkvæmt leigusamningnum er um að ræða 31 fasteign þar sem rekstur skóla, leiksskóla, æskulýðs- og íþróttastarfs, tónlistaskóla og fleira fer fram. Í kjölfarið var leigusamningi sagt upp frá og með 1. apríl 2021 og skuldbinding leyst upp á móti leigðum eignum og við það myndast tekjufærsla að fjárhæð 3,5 milljörðum sem er tekjufærð á rekstur. Í árslok greinast samningarnir þannig:

#### Langtímahluti leiguskulda

	Bæjarsjóður		Samantekið	
	31.12.2021	31.12.2020	31.12.2021	31.12.2020
Staða leigusamninga.....	1.439.304	10.305.391	1.752.928	1.778.104
Næsta árs afborgun leigusamninga.....	(68.161)	(374.286)	(70.021)	(65.524)
	<u>1.371.142</u>	<u>9.931.105</u>	<u>1.682.906</u>	<u>1.712.580</u>

#### Aðrar upplýsingar um leigusamninga

	Leigutími	Ávöxtunar- stuðull	Bæjarsjóður	Samantekið
			Bókfært verð 31.12.2021	Bókfært verð 31.12.2021
Íþróttahús, Reykjaneshöll .....	1999-2033	4,80%	735.097	735.097
Njarðarvellir 4 .....	2003-2038	4,8% - 6,0%	704.206	704.206
HS veitur .....			0	313.624
			<u>1.439.304</u>	<u>1.752.928</u>

#### Ónúvirtar lágmarksleigugreiðslur samninga bæjarsjóðs

	2022	2023	2024	Síðar	Samtals
Íþróttahús, Reykjaneshöll .....	76.083	76.111	76.111	767.453	995.758
Njarðarvellir 4 .....	68.450	68.463	68.463	901.433	1.106.810
	<u>144.533</u>	<u>144.574</u>	<u>144.574</u>	<u>1.668.886</u>	<u>2.102.567</u>

#### Greining á greiðslum ársins hjá bæjarsjóði

	31.12.2021	31.12.2020
Afborgun til lækunar á leigusamningum.....	122.943	329.782
Vaxtagjöld leigusamninga.....	163.743	422.518
Rekstrarkostnaður .....	16.966	41.050
	<u>303.653</u>	<u>793.350</u>



# Skýringar

## 22. Aðrar peningalegar skuldir

Viðskiptaskuldir	Bæjarsjóður		Samantekið	
	31.12.2021	31.12.2020	31.12.2021	31.12.2020
Innlendar viðskiptaskuldir .....	559.300	554.946	1.424.978	1.335.765
	<u>559.300</u>	<u>554.946</u>	<u>1.424.978</u>	<u>1.335.765</u>
<b>Aðrar skammtímaskuldir</b>				
Ógreiddur almennur rekstrarkostnaður .....	585	10.513	585	10.513
Ógreiddur virðisaukaskattur .....	2.469	3.969	4.614	4.691
Ógreiddur fjármagnstekjuskattur .....	275	0	377	147
Ógreiddur launafrádráttur .....	355.438	330.031	358.914	333.189
Ógreidd áfallin orlofsskuldbinding .....	717.936	704.799	717.936	711.612
Ógreiddir áfallnir vextir .....	61.822	36.690	69.282	44.046
Ofgreidd staðgreiðsla .....	0	193.175	0	193.175
Dvalarheimili aldraðra .....	36.345	36.345	36.345	36.345
Ógreiddur reiknaður skattur .....	0	0	146.490	81.939
Aðrar skammtímaskuldir .....	38.609	69.231	113.607	137.081
	<u>1.213.478</u>	<u>1.384.753</u>	<u>1.448.149</u>	<u>1.552.738</u>
<b>Fyrirframinnheimtar tekjur</b>				
Fyrirframinnheimtar tekjur .....	1.613.730	1.509.569	1.682.937	1.578.776
	<u>1.613.730</u>	<u>1.509.569</u>	<u>1.682.937</u>	<u>1.578.776</u>
<b>Næsta árs afborganir langtímaskulda og leiguskuldb.</b>				
Skuldir við lánastofnanir .....	906.648	585.233	1.743.429	1.668.831
Leigusamningar .....	68.161	374.286	70.021	65.523
	<u>974.809</u>	<u>959.519</u>	<u>1.813.450</u>	<u>1.734.355</u>

## 23. Kröfur og skuldir við tengd félög

Aðal- og varamenn í bæjarsjórn auk æðstu stjórnenda sveitarfélagsins eru skilgreindir sem tengdir aðilar sveitarfélagsins. Makar þessara aðila og ófjárráða börn og aðrir fjárhagslega háðir einstaklingar falla einnig undir skilgreininguna ásamt fyrirtækjum í eigu eða undir stjórn þessara aðila.

Öll viðskipti sveitarfélagsins við tengda aðila eru á sömu forsendum og þegar um ótengda aðila er að ræða og eru skilyrði og skilmálar viðskiptanna sambærileg og í viðskiptum við ótengda aðila. Við ákvörðun um viðskipti við tengda aðila er farið að hæfisreglum 20. gr. sveitarstjórnarlaga.

### Kröfur á tengd félög greinast þannig:

Eignarhaldsfélagið Fasteign hf	Bæjarsjóður		Samantekið	
	31.12.2021	31.12.2020	31.12.2021	31.12.2020
Eignarhaldsfélagið Fasteign hf .....	0	674.225	0	0
Íslendingur ehf. ....	2.400	2.300	0	0
Hljómahöll-veitingar ehf. ....	20.764	21.337	0	0
Reykjaneshöfn .....	33.549	33.366	0	0
	<u>56.712</u>	<u>731.228</u>	<u>0</u>	<u>0</u>

## Skýringar

### 23. Kröfur og skuldir við tengd félög (framhald)

Skuldir við tengd félög greinast þannig:

	Bæjarsjóður		Samantekið	
	31.12.2021	31.12.2020	31.12.2021	31.12.2020
Fráveita Reykjanesbæjar .....	1.824.319	1.681.484	0	0
Hjúkrunarheimilið Nesvellir (fasteignin) .....	146.989	126.933	0	0
Eignarhaldsfélagið Fasteign hf .....	74	0	0	0
HS Veitur hf. ....	18.168	28.609	0	0
Tjarnargata 12 ehf. ....	56.192	76.180	0	0
	<u>2.045.741</u>	<u>1.913.206</u>	<u>0</u>	<u>0</u>

### 24. Ábyrgðir og önnur mál

#### Ábyrgðir

Á bæjarsjóði hvíla ábyrgðarskuldbindingar sem ekki hafa verið færðar í efnahagsreikning bæjarsjóðs. Þessar skuldbindingar eru:

Bæjarsjóður Reykjanesbæjar er í ábyrgðum á skuldum sjálfstætt rekinna stofnana í eigu bæjarfélagsins. Hér er um að ræða skuldir Reykjaneshafnar um 853,8 milljónir króna miðað við árslok 2021.

Bæjarsjóður Reykjanesbæjar ber ábyrgð á hluta af skuldum sameignarfélaganna Kólku sorpeyðingarstöðvar sf., Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum, Byggðasamlags Brunavarna Suðurnesja og Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja. Ábyrgð Bæjarsjóðs Reykjanesbæjar í árslok 2021 nemur um 536,6 milljónum króna fyrir Kólku sorpeyðingarstöð sf., 250,4 milljónum króna fyrir Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum, 596 milljónum króna fyrir Byggðasamlag Brunavarna Suðurnesja og 97,8 milljónum króna fyrir Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja.

#### Hjúkrunarheimili

Samkvæmt samningi sem gerður var við ríkið á árinu 2010 um byggingu hjúkrunarheimilis annast sveitarfélagið framkvæmdir við byggingu 60 rýma hjúkrunarheimilis við Nesvelli. Framkvæmdakostnaður hefur verið eignfærður í ársreikningi b hluta félagsins Hjúkrunarheimilis Nesvella (fasteign). Hlutur ríkisins í framkvæmdakostnaði vegna 85% hluta kostnaðar við byggingu hjúkrunarheimilisins verður greiddur með leigu til 40 ára og hófust leigugreiðslur í mars 2014 þegar húsnæðið var tekið í notkun. Fjárhæð sem heimilt er að draga frá skuldum sveitarfélagsins vegna útreiknings á skuldaviðmiði nam 1.162,4 milljónum króna í árslok 2021.

## 25. Fjárhagsstaða

### Bæjarsjóður Reykjanesbæjar og samstæða A og B hluta

Samkvæmt rekstrarreikningi bæjarsjóðs árið 2021 var rekstrarmiðurstaða jákvæð um 2.170,4 milljónir króna. Tap fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld nam 612 milljónum króna. Eigið fé Bæjarsjóðs í árslok 2021 nam 12.633,3 milljónum króna og er eiginfjárhlutfallið 31,19%. Samkvæmt efnahagsreikningi nema veltufjármunir 5.159,6 milljónum króna, skammtímaskuldir 6.407,1 milljónum króna og veltufjárhlutfall 0,81. Heildarskuldir og skuldbindingar bæjarsjóðs nema 27.874 milljónum króna og er skuldahlutfall samkvæmt því 152,09%. Skuldaviðmið samkvæmt reglugerð 502/2012 er hins vegar 102,24%.

Samkvæmt rekstrarreikningi samstæðu a og b hluta árið 2021 nam tap af rekstri 925,9 milljónum króna. Hagnaður fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld nam 1.814,9 milljónum króna. Eigið fé samstæðu a og b hluta í árslok 2021 nam um 28.364 milljónum króna og er eiginfjárhlutfallið 38,52%. Samkvæmt efnahagsreikningi nema veltufjármunir 7.783,6 milljónum króna, skammtímaskuldir 6.369,5 milljónum króna og veltufjárhlutfall er 1,22. Heildarskuldir og skuldbindingar samstæðu a og b hluta nema 45.279,6 milljónum króna og er skuldahlutfall samkvæmt því 168,40%. Skuldaviðmið samkvæmt reglugerð 502/2012 er hins vegar 120,19% sjá nánar í skýringu 26.

Á árinu 2020 varð mikið atvinnuleysi í Reykjanesbæ í kjölfar heimsfaraldurs Covid 19 og áhrifa hans á starfsemi á stærsta vinnustað landsins, Keflavíkurflugvöll. Á árinu 2021 geysaði enn heimsfaraldur með minni takmörkunum sem gerði það að verkum að atvinnulífíð tók stefnu í rétta átt og atvinnuleysi minnkaði til muna. Í lok ársins var atvinnuleysi komið á sama stað og fyrir heimsfaraldur og í byrjun árs 2022 hefur það minnkað frekar. Á árinu 2021 tók Reykjanesbær þátt í þeim atvinnuúrræðum sem Vinnumálastofnun útfærði fyrir sveitarfélög og réð inn um 290 starfsmenn. Úrræðin báru yfirskriftir á borð við Námsmannaátak, Hefjum störf og Atvinna með ráðningastyrk og þurftu sveitarfélög að uppfylla ýmis skilyrði svo væri hægt að nýta þau. Þetta gerði Reykjanesbæ kleift að bjóða námsmönnum 16 ára og eldri vinnu yfir sumarið, þeim sem höfðu verið atvinnulausir allt að tveimur árum var boðin vinna og starfsmenn ráðnir inn á styrk til að takast á við fyrirfram skilgreind verkefni. Þrátt fyrir þessar aðgerðir ríkisins á árinu 2021, sem gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun, varð launakostnaður hærri á árinu, m.a. á Velferðarsviði og Fræðsluviði. Skýrist það helst af fjarvistum vegna veikinda m.a. kórónuveirnnar en einnig vegna breytinga á vaktafyrirkomulagi og mönnun til að koma til móts við samkomutakmarkanir sem voru í gildi. Stytting vinnuvikunnar átti ekki að valda auknum launakostnaði en gerði það samt.

Reykjanesbær hóf að safna lánsfjármagni á síðustu mánuðum ársins 2020 upp í fyrirhugaða endurfjármögnun á 8,4 milljarða króna láni hjá LSR sem Eignarhaldsfélagið Fasteign ehf var skuldari að og hélt á megin þorra eigna Reykjanesbæjar sem nýttur er í grunnþjónustu. Samtals voru teknir 3,5 milljarðar að láni í lok ársins 2020 hjá Lánasjóði sveitafélaga og á fyrstu mánuðum ársins 2021 náðist að klára í útboðum sjóðsins endurfjármögnunina. Í mars gerði Eignarhaldsfélagið Fasteign ehf. upp skuld sína við LSR og í kjölfarið var þinglýst afsal á öllum eignum félagsins til Reykjanesbæjar. Leiguskuldbindingar á milli aðila voru leystar upp.

Það er mat bæjarstjórnar að rekstrarhæfi Reykjanesbæjar sé til staðar.

## 25. Fjárhagsstaða (framhald)

### Reykjaneshöfn

Samkvæmt rekstrarreikningi Reykjaneshafnar nam hagnaður ársins 2021 3.026 milljónum króna, samkvæmt efnahagsreikningi var eigið fé hafnarinnar jákvætt um 1.120 milljónir króna og er eiginfjárhlutfall hafnarinnar neikvætt sem nemur 48,4%.

Skammtímaskuldir eru 157,4 milljónir króna í árslok. Veltufjármunir í árslok eru um 47,3 milljónir króna og veltufjárhlutfall um 0,30. Handbært fé frá rekstri á árinu 2021 var um 44,7 milljónir króna.

Fjárhagsstaða Reykjaneshafnar hefur verið erfið undanfarin ár og unnið hefur verið að endurskipulagningu á skuldbindingum hennar í samstarfi og samráði við eigandann, Reykjanesbæ.

Á fyrri hluta ársins 2020 var farið í að endurfjármagna skuldbindingar Reykjaneshafnar gagnvart Lánasjóði sveitarfélaga ohf. Nam sú skuldbinding 863 milljónum króna þann 1. janúar 2020 sem skiptist á 29 lánasamninga með lokagreiðslur á næstu fimm árum. Þessi krafa var endurfjármögnuð með aðstoð lánasjóðsins á fyrri hluta ársins 2020 með þremur lánasamningum sem allir eru með lokagjalddaga 2035 og stóðu í 854 milljónum króna þann 31. desember 2021. Þessi endurfjármögnun léttir árlega greiðslubyrði hafnarinnar umtalsvert og tryggir að höfnin geti staðið við þær skuldbindingar miða við eðlilegar rekstrarforsendur og að frátalinni skuldbindingu Reykjaneshafnar gagnvart Reykjanesbæ.

Langtímaskuldbinding Reykjaneshafnar gagnvart Reykjanesbæ nam 3.073 milljónum króna 1. janúar 2022 og er tilkominn þannig að Reykjanesbær leysti til sín fyrir nokkrum árum kröfur annarra kröfuhafa Reykjaneshafnar en Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. sem hluta af fjárhagslegri endurskipulagningu hafnarinnar á þeim tíma. Samhliða fluttist land í eigu Reykjaneshafnar frá höfninni til Reykjanesbæjar sem greiðsla upp í hluta af þeim kröfum. Það sem eftir stóð átti að endurgreiðast á 40 árum, þó þannig að fyrsta greiðsla höfuðstóls væri 31.12.2023 en vextir og verðbætur árlega frá 31.12.2018. Með samkomulagi frá 2019 milli Reykjanesbæjar og Reykjaneshafnar samþykkti Reykjanesbær að falla frá útreikningi og greiðslu á vöxtum og verðbótum af viðkomandi skuldbindingu til ársins 2023 og tryggði þar með rekstrarhæfi Reykjaneshafnar til þess tíma.

Fyrir liggur að væntar tekjur af uppbyggingu stóriðju í Helgubakki eru ekki að ganga eftir og greiðslugeta Reykjaneshafnar mun eingöngu ná til þess að standa við skuldbindingar hafnarinnar gagnvart Lánasjóði sveitarfélaga ohf. í framtíðinni miðað við núverandi rekstrarforsendur. Á 1347. fundi bæjarráðs Reykjanesbæjar var fjallað um kröfu Reykjanesbæjar á hendur Reykjaneshöfn og samþykkti bæjarráð að gefa kröfuna eftir og styrkja um leið eiginfjárstöðu Reykjaneshafnar. Á 621. fundi bæjarsjórnar Reykjanesbæjar staðfesti bæjarsjórn þessa ákvörðun með samþykki á 1347. fundargerð bæjarráðs.

Í rekstrarreikningi Reykjaneshafnar er því efturgjöf skuldarinnar tekjufærð að fjárhæð 3.073 milljónir króna.

Með efturgjöf á kröfu Reykjanesbæjar gagnvart Reykjaneshöfn hefur óvissu um rekstur hafnarinnar verið eytt og rekstrarhæfi hennar og sjálfbærni tryggð til framtíðar.

### Eignarhaldsfélagið fasteign ehf

Á árinu 2021 nam tap félagsins 224,4 milljónum króna. Eigið fé í árslok 2021 nam 1,4 milljónum króna samkvæmt efnahagsreikningi að meðtöldu hlutafé að fjárhæð 2,8 milljónir króna. Á árinu 2021 seldi félagið allar fasteignir sínar til Reykjanesbæjar og nam sölverðið 8.363 milljónum króna og var það nýtt til uppgreiðslu allra skulda við lánastofnanir.

# Skýringar

## 26. Kennitölur

Í hlutfalli við rekstrartekjur:	Bæjarsjóður		Samantekið	
	2021	Fjárhags- áætlun 2021	2021	Fjárhags- áætlun 2021
<b>Rekstur:</b>				
Skatttekjur .....	71,56%	71,83%	48,60%	48,26%
Framlög jöfnunarsjóðs .....	16,14%	13,83%	11,00%	9,14%
Skatttekjur samtals.....	87,69%	85,66%	59,60%	57,40%
Aðrar tekjur .....	12,31%	14,34%	40,40%	42,60%
	100,00%	100,00%	100,00%	100,00%
Laun og launatengd gjöld.....	54,79%	61,61%	42,95%	47,12%
Breyting lífeyrisskuldbindinga.....	5,76%	2,69%	3,95%	1,80%
Annar rekstrarkostnaður án afskrifta .....	39,15%	44,76%	39,55%	43,14%
Rekstrarmiðurstaða fyrir afskriftir.....	0,30%	(9,05%)	13,55%	7,94%
Afskriftir.....	3,64%	3,33%	6,80%	6,98%
Rekstrargjöld samtals.....	103,34%	112,38%	93,25%	99,04%
Fjármagnsliðir, nettó.....	2,34%	1,20%	2,82%	1,76%
Óvenjulegir liðir.....	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%
Tekjuskattur.....	0,00%	0,00%	(0,68%)	(0,75%)
Hlutdeild minnihluta.....	0,00%	0,00%	(1,76%)	(2,34%)
Rekstrarmiðurstaða.....	(7,40%)	(18,74%)	(3,44%)	(10,26%)

Í þúsundum króna á fbúa:	Bæjarsjóður		Samantekið	
	2021	Fjárhags- áætlun 2021	2021	Fjárhags- áætlun 2021
<b>Rekstur:</b>				
Skatttekjur og jöfnunarsjóður.....	789	669	786	678
Aðrar tekjur.....	111	112	533	503
Rekstrartekjur samtals.....	899	781	1.319	1.181
Rekstrargjöld.....	(929)	(877)	(1.230)	(1.169)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld).....	(36)	(50)	(102)	(96)
Óvenjulegir liðir.....	0	0	0	0
Rekstrarmiðurstaða fyrir tekjuskatt og hlutdeild minnihluta.....	(67)	(146)	(13)	(85)
Tekjuskattur.....	0	0	(9)	(9)
Hlutdeild minnihluta.....	0	0	(23)	(28)
Rekstrarmiðurstaða ársins .....	(67)	(146)	(45)	(121)

Í þúsundum króna á fbúa:	Bæjarsjóður		Samantekið	
	31.12.2021	31.12.2020	31.12.2021	31.12.2020
<b>Efnahagur:</b>				
Eignir.....	1.988	2.087	3.614	3.828
Eigið fé.....	620	497	1.392	1.385
Skuldbindingar.....	372	344	479	453
Skuldir án skuldbindinga.....	996	1.246	1.743	1.990
<b>Sjóðstreymi:</b>				
Handbært fé frá rekstri.....	78,0	108,4	149,4	138,6

# Skýringar

## 26. Kennitölur (framhald)

Aðrar lykiltölur:	Bæjarsjóður		Samantekið	
	2021	Fjárhags- áætlun 2021	2021	Fjárhags- áætlun 2021
<b>Rekstur:</b>				
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir / tekjur.....	0,30%	(9,05%)	13,55%	7,94%
Rekstrarniðurstaða fyrir vexti / tekjur.....	(3,34%)	(12,38%)	6,75%	0,96%
Rekstrarniðurstaða / tekjur.....	(7,40%)	(18,74%)	(3,44%)	(10,26%)
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir og vexti (EBITDA).....	55.380	(1.440.485)	3.643.152	1.909.734
Rekstrarniðurstaða fyrir vexti (EBIT).....	(612.034)	(1.970.085)	1.814.894	231.334
Rekstrarniðurstaða.....	(1.355.892)	(2.981.948)	(925.987)	(2.467.697)

Efnahagur:	Bæjarsjóður		Samantekið	
	31.12.2021	31.12.2020	31.12.2021	31.12.2020
Veltufjárlutfall - veltufjármunir / skammtímaskuldir.....	0,81	1,69	1,22	2,04
Eiginfjárlutfall - eigið fé / heildarfjármagn.....	31,19%	23,81%	38,52%	36,19%
Skuldaviðmið skv. reglugerð 502/2012.....	102,24%	98,92%	120,19%	122,94%
Skuldahlutfall.....	152,09%	179,93%	168,40%	192,02%

### Fimm ára yfirlit bæjarsjóðs:

Íbúaföldi:	Árið 2021	Árið 2020	Árið 2019	Árið 2018	Árið 2017
Í ársbyrjun.....	19.676	19.421	18.930	17.795	16.359
Breyting á árinu.....	704	255	491	1.135	1.436
Í árslok.....	20.380	19.676	19.421	18.930	17.795

### Í hlutfalli við rekstrartekjur

Skatttekjur .....	69,81%	69,39%	68,58%	71,50%	70,87%
Framlög jöfnunarsjóðs .....	16,14%	18,15%	15,17%	16,47%	16,96%
Lóðarleiga.....	1,74%	1,86%	1,70%	1,54%	1,48%
Skatttekjur samtals.....	87,69%	89,40%	85,45%	89,51%	89,31%
Aðrar tekjur .....	12,31%	10,60%	10,29%	10,49%	10,70%
	100,00%	100,00%	95,74%	100,00%	100,01%
Laun og launatengd gjöld.....	54,79%	51,53%	42,99%	42,28%	44,64%
Breyting lífeyrisskuldbindinga .....	5,76%	4,31%	1,63%	3,64%	6,11%
Annar rekstrarkostnaður.....	39,15%	36,17%	31,95%	31,58%	30,62%
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir.....	0,30%	7,99%	23,43%	22,50%	18,63%
Afskriftir.....	3,64%	3,17%	2,91%	3,10%	3,43%
Rekstrargjöld samtals.....	103,34%	95,18%	79,48%	80,60%	84,80%
Fjármagnsliðir, nettó.....	2,34%	1,89%	18,77%	5,81%	1,70%
Óvenjulegir liðir.....	0,00%	0,00%	0,00%	(1,22%)	0,00%
Rekstrarniðurstaða.....	(7,40%)	0,48%	30,68%	17,09%	8,38%

## Skýringar

### 26. Kennitölur (framhald)

	Árið 2021	Árið 2020	Árið 2019	Árið 2018	Árið 2017
<b>Í þúsundum króna á fbúa:</b>					
<b>Rekstur:</b>					
Skatttekjur og jöfnunarsjóður.....	789	790	762	741	722
Aðrar tekjur.....	111	94	92	86	87
	<u>899</u>	<u>884</u>	<u>854</u>	<u>827</u>	<u>809</u>
Laun og launatengd gjöld.....	493	455	383	350	361
Breyting lífeyrisskuldbindinga.....	52	38	15	30	49
Annar rekstrarkostnaður.....	385	348	311	287	275
Fjármagnsliðir, nettó.....	36	38	(91)	9	56
Aðrir liðir .....	0	0	10	10	12
	<u>966</u>	<u>879</u>	<u>628</u>	<u>686</u>	<u>753</u>
Rekstrarniðurstaða.....	<u>(67)</u>	<u>4</u>	<u>226</u>	<u>141</u>	<u>57</u>
<b>Efnahagur:</b>					
Eignir.....	1.988	2.087	1.862	1.762	1.860
Eigið fé.....	620	497	499	224	285
Lífeyrisskuldbindingar.....	372	344	321	324	322
Skuldir án skuldbindinga.....	996	1.246	1.042	1.214	1.254
<b>Sjóðstreymi:</b>					
Handbært fé frá (til) rekstrar.....	78,0	108,4	38,7	198,5	(3,0)
<b>Aðrar lykiltölur:</b>					
Veltufjárhlutfall.....	0,81	1,69	1,63	1,31	1,79
Eiginfjárhlutfall.....	31,19%	23,81%	26,80%	12,70%	15,30%

# Skýringar

## 27. Yfirlit rekstraráætlana

Yfirlit rekstraráætlana gerir grein fyrir rekstraráætlun fyrir árið 2021 samkvæmt upphaflegri samþykktri fjárhagsáætlun sveitarfélagsins og að viðbættum viðaukum við fjárhagsáætlun. Fjárhagsáætlun með viðaukum er birt í rekstrarreikningi og öðrum skýringum ársreikningsins til samanburðar við rauntölur ársins.

	Bæjarsjóður A hluti			Samantekið A og B hluti		
	Upphafleg fjárhags-áætlun	Viðaukar við fjárhags-áætlun	Fjárhags-áætlun með viðaukum	Upphafleg fjárhags-áætlun	Viðaukar við fjárhags-áætlun	Fjárhags-áætlun með viðaukum
<b>Rekstrartekjur</b>						
Skatttekjur án jöfnunarsjóðs.....	11.427.000	0	11.427.000	11.612.000	0	11.612.000
Framlag jöfnunarsjóðs.....	2.200.000	0	2.200.000	2.200.000	0	2.200.000
Aðrar tekjur.....	2.281.841	0	2.281.841	10.248.870	0	10.248.870
	<u>15.908.841</u>	<u>0</u>	<u>15.908.841</u>	<u>24.060.870</u>	<u>0</u>	<u>24.060.870</u>
<b>Rekstrargjöld</b>						
Laun og launatengd gjöld.....	9.501.425	300.000	9.801.425	11.038.612	300.000	11.338.612
Hækkun lífeyrisskuldbindinga.....	427.576	0	427.576	432.576	0	432.576
Annar rekstrarkostnaður.....	6.918.852	201.473	7.120.325	10.178.475	201.473	10.379.948
	<u>16.847.853</u>	<u>501.473</u>	<u>17.349.326</u>	<u>21.649.663</u>	<u>501.473</u>	<u>22.151.136</u>
<b>Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir</b>	(939.012)	(501.473)	(1.440.485)	2.411.207	(501.473)	1.909.734
Afskriftir.....	524.600	0	524.600	1.678.400	0	1.678.400
<b>Rekstrarniðurstaða fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld</b>	(1.463.612)	(501.473)	(1.965.085)	732.807	(501.473)	231.334
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld).....	(1.016.863)	0	(1.016.863)	(1.956.363)	0	(1.956.363)
<b>Rekstrarniðurstaða fyrir skatta</b>	(2.480.475)	(501.473)	(2.981.948)	(1.223.556)	(501.473)	(1.725.029)
Tekjuskattur.....	0	0	0	(180.000)	0	(180.000)
<b>Rekstrarniðurstaða fyrir hlutdeild minnihluta og óvenjulega liði</b>	(2.480.475)	(501.473)	(2.981.948)	(1.403.556)	(501.473)	(1.905.029)
Óreglulegir liðir.....	0	0	0	0	0	0
Hlutdeild minnihluta.....	0	0	0	(562.668)	0	(562.668)
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<u>(2.480.475)</u>	<u>(501.473)</u>	<u>(2.981.948)</u>	<u>(1.966.224)</u>	<u>(501.473)</u>	<u>(2.467.697)</u>



# Skýringar

## 28. Yfirlit sjóðstreymisáætlana

Yfirlit rekstraráætlana gerir grein fyrir rekstraráætlun fyrir árið 2021 samkvæmt upphaflegri samþykktri fjárhagsáætlun sveitarfélagsins og að viðbættum viðaukum við fjárhagsáætlun. Fjárhagsáætlun með viðaukum er birt í rekstrarreikningi og öðrum skýringum ársreikningsins til samanburðar við rauntölur ársins.

	Bæjarsjóður A hluti			Samantekið A og B hluti		
	Upphafleg fjárhags-áætlun	Viðaukar við fjárhags-áætlun	Fjárhags-áætlun með viðaukum	Upphafleg fjárhags-áætlun	Viðaukar við fjárhags-áætlun	Fjárhags-áætlun með viðaukum
<b>Rekstrarhreyfingar</b>						
Rekstrarniðurstaða ársins.....	(2.480.475)	(501.473)	(2.981.948)	(1.966.224)	(501.473)	(2.467.697)
<b>Liðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:</b>						
Reiknaðar afskrifur.....	524.600	0	524.600	1.678.400	0	1.678.400
Verðbætur og gengismunur.....	319.544	0	319.544	759.171	0	759.171
Breyting lífeyrisskuldbindinga.....	427.576	0	427.576	432.576	0	432.576
Hlutdeild minnihluta.....	0	0	0	562.668	0	562.668
<b>Veltufé frá (til) rekstrar</b>	<b>(1.208.755)</b>	<b>(501.473)</b>	<b>(1.710.228)</b>	<b>1.466.591</b>	<b>(501.473)</b>	<b>965.118</b>
<b>Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum</b>						
Eigin fyrirtæki, breyting.....	0	0	0	0	0	0
<b>Handbært fé frá (til) rekstrar</b>	<b>(1.208.755)</b>	<b>(501.473)</b>	<b>(1.710.228)</b>	<b>1.466.591</b>	<b>(501.473)</b>	<b>965.118</b>
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>						
Fjárfest í varanl. rekstrarfj.....	(1.100.000)	0	(1.100.000)	(3.588.949)	0	(3.588.949)
Langtímakröfur breyting.....	51.619	0	51.619	48.449	0	48.449
Langtímakr v eigin fyrirtæki, breyting.....	0	0	0	0	0	0
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>	<b>(1.048.381)</b>	<b>0</b>	<b>(1.048.381)</b>	<b>(3.540.500)</b>	<b>0</b>	<b>(3.540.500)</b>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>						
Greiddur arður.....	0	0	0	(500.000)	0	(500.000)
Nýjar langtímaskuldir.....	0	0	0	186.000	0	186.000
Afborganir langtímalána.....	(804.703)	0	(804.703)	(1.651.519)	0	(1.651.519)
Niðurgreiðsla skuldbindinga.....	(291.791)	0	(291.791)	(294.286)	0	(294.286)
Viðskiptastaða eigin fyrirtækja, br.....	(417.382)	0	(417.382)	0	0	0
Breyting á eigin fé.....	0	0	0	0	0	0
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>	<b>(1.513.876)</b>	<b>0</b>	<b>(1.513.876)</b>	<b>(2.259.805)</b>	<b>0</b>	<b>(2.259.805)</b>
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé.....</b>	<b>(3.771.012)</b>	<b>(501.473)</b>	<b>(4.272.485)</b>	<b>(4.333.714)</b>	<b>(501.473)</b>	<b>(4.835.187)</b>
<b>Handbært fé í ársbyrjun.....</b>	<b>4.356.280</b>	<b>0</b>	<b>4.356.280</b>	<b>11.147.325</b>	<b>0</b>	<b>11.147.325</b>
<b>Handbært fé í árslok.....</b>	<b>585.268</b>	<b>(501.473)</b>	<b>83.795</b>	<b>6.813.611</b>	<b>(501.473)</b>	<b>6.312.138</b>

## Yfirlýsing um stjórnarhætti og ófjárhagslegar upplýsingar

### Yfirlýsing um stjórnarhætti

Um stjórnarhætti sveitarfélagsins gilda sveitarstjórnarlög nr. 138/2011 með síðari breytingum og samþykkt um stjórn sveitarfélagsins nr. 1000/2013. Bæjarstjórn er kjörin í almennum kosningum af íbúum sveitarfélagsins á fjögurra ára fresti.

Bæjarstjórn ber ábyrgð á því að til staðar sé virkt kerfi innra eftirlits og það sé formlegt, skjalfest og sannreynt reglulega. Innra eftirlitið á að vera til þess fallið að veita vissu um að sveitarfélagið nái árangri og skilvirkni í starfsemi í samræmi við markmið sveitarfélagsins, að það veiti áreiðanlegar og réttmætar fjárhagsupplýsingar til ytri aðila og það hlíti lögum og reglum sem gilda um sveitarfélög.

Um áhættustýringu er vísað til ákvæða í VII kafla sveitarstjórnarlaga, s.s. um fjárstjórnarvald, bindandi áhrif ákvörðunar um fjárhagsáætlun ársins, ábyrga meðferð fjármuna, miklar fjárfestingar og skuldbindingar og takmarkanir er varða veðsetningar og ábyrgðarveitingar. Sveitarfélagið fer að ákvæðum sveitarstjórnarlaga hvað þetta varðar.

Fjöldi fulltrúa í bæjarstjórn, nefndum, ráðum og stjórnun á vegum sveitarfélagsins er tilgreindur í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins sem aðgengileg er á heimasíðu þess. Á heimasíðunni má einnig sjá hverjir sitja í einstaka nefndum, ráðum og stjórnun.

Í 2. tölul. 44. gr. sveitarstjórnarlaga kemur fram regla um kynjahlutföll í nefndum sem bæjarstjórn velur í. Sveitarfélagið gætir að þessum reglum við skipan í nefndir. Að því er bæjarstjórnina varðar ræðst samsetningin af röðun á framboðslista og niðurstöðum kosninga til sveitarstjórnar. Í bæjarstjórn eru 11 fulltrúar, 6 karlar og 5 konur. Þar sitja fulltrúar með ólíkan bakgrunn og menntun.

Um síðareglur og góða starfshætti er fjallað í 29. gr. sveitarstjórnarlaga. Sveitarfélagið hefur sett sér síðareglur og er nýjasta útgáfa þeirra dagssett 7. október 2014 og er aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins.

### Ófjárhagslegar upplýsingar

Samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 eru sveitarfélög sjálfstætt stjórnvald sem er stjórnad af lýðræðislega kjörnum sveitarstjórnunum í umbodni íbúa sveitarfélaganna. Sveitarfélag sinnir þeim verkefnum sem því er falið lögum samkvæmt meðal annars varðandi fræðslu- og uppeldismál, velferðarþjónustu, æskulýðs- og íþróttamál, menningarmál, hreinlætismál og umhverfismál. Jafnframt fylgir það kröfum sem gilda um starfsemi þess í öðrum lögum s.s. stjórnsýslulögum, lögum um jafnan rétt karla og kvenna og lögum um opinber innkaup. Einnig eru í gildi síðareglur dagsettar 7. október 2014 sem settar hafa verið á grundvelli 29. gr. sveitarstjórnarlaga og aðgengilegar eru á heimasíðu sveitarfélagsins.

Engin veruleg frávik hafa verið greind af hálfu opinberra eftirlitsaðila eða endurskoðenda hvað varðar starfsemi sveitarfélagsins sem tengist umhverfis-, félags- og starfsmannamálum, mannréttindum eða spillingar- og mútumálum.